

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. október 2022

Mál nr. S-3394/2022:

Héraðssaksóknari

(Anna Barbara Andradóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Guðlaugi Agnari Guðmundssyni,

(Sigurður G. Guðjónsson lögmaður)

Guðjóni Sigurðssyni,

(Stefán Ragnarsson lögmaður)

Halldóri Margeiri Ólafssyni,

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

Ólafi Ágústi Hraundal,

(Jón Magnússon lögmaður)

Geir Elí Bjarnasyni og

(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)

Úranusi ehf.

(Garðar Steinn Ólafsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 22. september sl. er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 11. ágúst 2022, á hendur Guðlaugi Agnari Guðmundssyni, kennitala [...], Guðjóni Sigurðssyni, kennitala [...], Halldóri Margeiri Ólafssyni, kennitala [...], Ólafi Ágústi Hraundal, kennitala [...], og Geir Elí Bjarnasyni, kennitala [...], fyrir eftirtalin brot:

I.

Gegn ákærðu öllum fyrir skipulagða brotastarfsemi og stórfelld fíkniefnalagabrot sem ákærðu sammæltust um að fremja og var framkvæmd brotanna liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka, sem hér nánar greinir:

1. Gegn ákærðu Guðlaugi Agnari, Guðjóni og Halldóri Margeiri fyrir stórfelld fíkniefnalagabrot, með því að hafa í byrjun árs 2020 staðið saman að innflutningi á saltdreifara, af gerðinni EPOKE SW3000, sem í voru faldir 53 lítrar af amfetamínvökva,

hingað til lands frá Hollandi í félagi með tveimur óþekktum erlendum aðilum, móttakið tækið og þar með fíkniefnin hér á landi og varslað að [...] og í samvinnu við óþekktan íslenskan aðila fjarlæggt amfetamínvökvann úr saltdreifaranum og framleitt allt að 117,5 kg af amfetamíni í sölu- og dreifingarskyni. Ákærðu Guðlaugur og Halldór sammæltust um þátttöku í starfseminni með því að skiptast á skilaboðum í gegnum samskiptaforritið EncroChat sem innihéldu fyrirmæli og leiðbeiningar um hvernig losa ætti amfetamínvökvann úr saltdreifaranum, en ákærði Guðjón tók munnlega eða í gegnum aðrar samskiptaleiðir við sams konar fyrirmælum og leiðbeiningum frá Halldóri og óþekktum íslenskum aðila, vitandi vits að fleiri aðilar tóku þátt í starfseminni. Saltdreifarinn kom til landsins þann 2. febrúar 2020, var fluttur frá [...] í [...] þann 25. mars 2020 og fann lögregla saltdreifarann í útihúsi að [...] í nóvember 2020 en lagði hald á hann við húsleit þann 20. maí 2022.

2. Gegn ákærðu Guðjóni, Halldóri Margeiri, Geir Elí og Ólafi Ágústi fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa um nokkurt skeið staðið saman að kannabisræktun í útihúsi við [...], en ákærðu sammæltust um verkaskiptingu við uppsetningu, ræktun, klippingu og þurrkun kannabisplantnanna í sölu- og dreifingarskyni og skiptu á milli sín afrakstri hennar, en við leit þann 20. maí 2022 lagði lögregla hald á 6.110 g af kannabisplöntum, 16.265 g af marjúana og 131 kannabisplöntu.

Brot ákærðu, sbr. I. kafla ákæru, teljast varða við 173. gr. a, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974 og 1. gr. laga nr. 32/2001 og 175. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 149/2009.

II.

Gegn ákærða Ólafi Ágústi fyrir eftirtalin brot:

1. Stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa mánudaginn 23. maí 2022, í bílskúr að [...], haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni samtals 224,1 g af amfetamíni, með 45–51% styrkleika, 1.792,65 g af kókaíni, með 59–83% styrkleika, 6.731,37 g af MDMA, með 77–80% styrkleika, 1.835,38 g af metamfetamíni, með 81% styrkleika, 41.750 ml af amfetamínvökva, með 60–62% styrkleika, 20.850 ml af MDMA-vökva, með 83–87% styrkleika, og 7.101 stykki af MDMA-töflum, sem lögregla fann og lagði hald á við leit.

Telst brot þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974 og 1. gr. laga nr. 32/2001.

2. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa á sama tíma og greinir í ákærulið 1 í II. kafla ákæru, í bifreiðinni D haft í vörslum sínum 100 ml af kannabisblönduðum vökva sem lögregla fann og lagði hald á við leit í bifreiðinni í aðstöðu Króks að Vesturhrauni 5 í Garðabæ og 0,31 g af kókaíni er lögregla fann við leit á ákærða.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

3. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa föstudaginn 20. maí 2022, í bifreiðinni [...], haft í vörslum sínum 4,85 g af kókaíni og 6,04 g af marjúana, sem lögregla fann við leit.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

4. Stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa föstudaginn 20. maí 2022 í hesthúsi við [...], haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni samtals 462,23 g af amfetamíni, 26.298,81 g af hassi, 2,28 g af kókaíni, samtals 3.092,46 g af marjúana, 2,06 g af metamfetamíni, samtals 260 ml af amfetamíni, 13 stykki af LSD, 4 stykki af MDMA og 20 ml af kannabisblönduðum vökva, sem lögreglan lagði hald á við leit.

Telst brot þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974 og 1. gr. laga nr. 32/2001.

III.

Gegn ákærða Halldóri Margeiri, fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa föstudaginn 20. maí 2022, á heimili sínu að Hverfisgötu 52 í Reykjavík, haft í vörslum sínum 12,13 g af kókaíni sem lögregla fann við leit.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Krafist er upptöku á eftirfarandi fíkniefnum og munum:

Mál lögreglu nr. 007-2020-51156: Krafist er upptöku á 12,13 g af kókaíni, samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018. Þá er krafist upptöku á Nokia-farsíma og spjaldtölvu í eigu ákærða Guðjóns, sbr. munaskrá nr. 162508 og 162509, fimm Samsung-farsímum, Apple iPhone farsíma, þremur Apple iPad, Macbook-tölvu, í eigu ákærða Halldórs Margeirs, sbr. muni nr. 569498-569502 og 569508-569510 í munaskrá nr. 162468 og muni nr. 569512 og 569514 í munaskrá nr. 162475, fjórum símkortum, Nokia-farsíma, fjórum Apple iPhone farsímum, tveimur Samsung-farsímum og Apple-fartölvu, sbr. muni nr. 569648-569660, 569664 og 569669 í munaskrá nr. 162505 í eigu ákærða Guðlaugs Agnars, samkvæmt heimild í 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og samkvæmt 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 149/2009. Einnig er krafist upptöku á saltdreifara af gerðinni EPOKE, sbr. munaskrá nr. 167683, sem notaður var til að flytja og varsla þau fíkniefni sem tilgreind eru í ákærulið 1 í kafla I, samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 149/2009. Jafnframt er krafist upptöku á Rolex-armbandsúri, sbr. mun 569662 í munaskrá nr. 162505 í eigu ákærða Guðlaugs Agnars, með vísan til 1. mgr. 69. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Mál lögreglu nr. 007-2022-5932: Krafist er upptöku á 1 ml af amfetamínvökva, 6.110 g af kannabisplöntum, samtals 19.363,5 g af marijúana, 131 kannabisplöntu, samtals 120 ml af kannabisvökva, samtals 7,44 g af kókaíni, 462,23 g af amfetamíni, 26.298,81 g af hassi, 2,06 g af metamfetamíni, samtals 260 ml af amfetamíni, 13 stykkjum af LSD og 4 stykkjum af MDMA samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018. Þá er krafist upptöku á 2 brúsum, sbr. munaskrá nr. 164823, 21 þurrkgrind, 2 súrefniskútum, 5 vatnsdælum, 19 viftum, 7 kolasúm, 35 gróðurhúsalömpum, 10 rakatækjum, 4 hitablásurum, 39 straumbreytum, 3 fötum, vog og plastpoka, sbr. munaskrár nr. 162541, 162545 og 162547, vog, sbr. munaskrá nr. 162486, verkfærakistu, blandara og límbandsrúllu, sbr. munaskrá nr. 164850. Þá er krafist upptöku á iPhone 13 Pro Max, sbr. munaskrá nr. 162474, og Apple iPhone, Seagate hörðum disk, Acer-spjaldtölvu, fimm Apple-fartölvum, tveimur USB-minnislyklum, tveimur spjaldtölvum, Nokia-spjaldtölvu, Samsung-farsíma, Samsung-spjaldtölvu, sbr. muni nr. 569505-569507, 569517-569521, 569524-569528, 569537-569540 í munaskrá nr. 162473, allt í eigu ákærða Ólafs Ágústs, Samsung-farsíma, sbr. munaskrá nr. 162502, tveimur Samsung-farsímum, sbr. muni nr. 570112 og 570113 í munaskrá nr. 163670, þremur Samsung-farsímum og Samsung-spjaldtölvu, sbr. muni 570112-570113, 570116-570117, sbr. munaskrá nr. 163670, allt í eigu ákærða Geirs Elís, samkvæmt heimild í 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr.

14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og samkvæmt 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 140/2009. Jafnframt er krafist upptöku á bifreiðinni D, sem ákærði Ólafur Ágúst notaði við framningu brotsins, með vísan til 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Mál lögreglu nr. 007-2022-26479: Krafist er upptöku á 224,1 g af amfetamíni, 1.792,65 g af kókaíni, 6.731,37 g af MDMA, 1.835,38 g af metamfetamíni, 41.750 ml af amfetamínvökva, 20.850 ml af MDMA-vökva, 7.101 stykki af MDMA-töflum og 100 ml af kannabisblönduðum vökva, með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018. Þá er krafist upptöku á ferðatösku og plastkassa, sbr. munaskrá nr. 164749, hönskum, 5 krukum, límbandsrúllu og vog, sbr. muni nr. 569992-569996 í munaskrá nr. 163634, lás og 2 lykklum, sbr. munaskrá nr. 164857, hönskum og pokum, sbr. munaskrá nr. 164800, fötu, 2 mælikönnum og 14 brúsum, sbr. munaskrá nr. 163671, tunnu, sbr. munaskrá nr. 163741, samkvæmt heimild í 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og samkvæmt 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 140/2009.

Með framhaldsákæru héraðssaksóknara 14. september 2022 var málið einnig höfðað á hendur Úranusi ehf., kennitala 501096-3189, fyrirsvarsmáður: T, og var svohljóðandi kröfu bætt við ofangreinda ákæru: „Til vara er þess krafist að Úranusi ehf. verði gert að sæta upptöku á bifreiðinni D, sem ákærði Ólafur Ágúst notaði við framningu brotsins í máli lögreglu nr. 007-2022-5932, með vísan til 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a. og 1. mgr. 69. gr. f. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Af hálfu Úranusar ehf. var samþykkt að framhaldsákæran kæmist að í málinu.

Við aðalmeðferð málsins var fallið frá eftirfarandi upptökukröfum: að því er varðar ákærða Halldór Margeir munum nr. 569508–569510, að því er varðar ákærða Guðjón munum nr. 162508 og 162509, að því er varðar ákærða Guðlaug munum nr. 569568, 569660 og 569652 og að því er varðar ákærða Geir Elí mun nr. 570116.

Verjandi ákærða Guðlaugs Agnars krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður en til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þess er jafnframt krafist að upptökukröfum á hendur ákærða verði hafnað. Þá krefst hann málsvarnarlauna ásamt virðisaukaskatti sem greidd verði úr ríkissjóði.

Verjandi ákærða Guðjóns krefst sýknu vegna ákæruliðar I.1 en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og vegna ákæruliðar I.2 vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er

þess krafist að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun ásamt virðisaukaskatti, verði greiddur úr ríkissjóði.

Verjandi ákærða Halldórs Margeirs krefst þess aðallega að ákærulið I.1 verði vísað frá dómi, en að öðru leyti er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa. Þess er jafnframt krafist að öllum upptökukröfum verði hafnað. Loks er krafist málsvarnarlauna ásamt virðisaukaskatti sem greidd verði úr ríkissjóði.

Verjandi ákærða Ólafs Ágústss krefst þess að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og að gæsluvarðhaldsvist hans frá 20. maí sl. verði dregin frá refsingunni. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun ásamt virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði að öllu leyti eða til vara að hluta.

Verjandi ákærða Geirs Elís krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af broti gegn 175. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 en að öðru leyti verði honum gerð vægasta refsing sem lög leyfa sem öll verði skilorðsbundin. Ef komi til refsivistar verði gæsluvarðhald sem ákærði sætti dregið frá. Loks er krafist málsvarnarlauna ásamt virðisaukaskatti sem greidd verði úr ríkissjóði.

Verjandi ákærða Úranusar ehf. krefst þess aðallega að upptökukröfu vegna bifreiðarinnar D verði vísað frá, en til vara að henni verði hafnað. Þá krefst hann málsvarnarlauna ásamt virðisaukaskatti sem greidd verði úr ríkissjóði.

Málsatvik

Ákæruliður I.1

Upphaf máls þessa var að ríkislögreglustjóra bárust sumarið 2020 frá Europol gögn og upplýsingar um samskipti manna á dulkóðaða samskiptaforritinu EncroChat. Samskiptin voru að hluta til á íslensku og ljóst að aðilar tengdir samskiptunum voru m.a. staðsettir á Íslandi. Af þessum samskiptum var ljóst að verið var að skipuleggja og framkvæma innflutning á miklu magni amfetamínbasea til framleiðslu fíkniefna. Fram kom að efnin væru falin í saltdreifara sem fluttur var til landsins snemma árs 2020 og var staðsettur á sveitabæ. Í samskiptunum mátti m.a. finna lista yfir vörur og tæki sem þurfti til þess að ná út amfetamínbasea sem falinn var í saltdreifaranum, leiðbeiningar um framleiðslu amfetamíns, magntölur o.fl. sem tengdist innflutningi, framleiðslu og dreifingu á amfetamíni á Íslandi. Samskiptin voru á milli notendanna Nuclearfork, Residentkiller, Neptun og Beigepanda og náðu yfir tímabilið 28. mars til 5. júní 2020. Talsvert magn af ljósmyndum fylgdi samskiptunum. Í kjölfarið ákvað lögregla að hefja rannsókn á ætluðum innflutningi, framleiðslu og dreifingu fíkniefna. Aflað var gagna hjá fjármálastofnunum, gagna vegna símanotkunar, samtöl hljóðrituð og notast við eftirfararbúnað og myndefirlit.

Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að í byrjun febrúar 2020 var fluttur til landsins frá Hollandi saltdreifari af gerðinni Van Daele EPOKE SW3000, Serial nr. 2 5 770246.

Sendandi vélarinnar var H. Móttakandi var upphaflega skráður [...]. en þann 7. febrúar 2020 var móttakanda breytt í [...]. Greiðsla fyrir vélina var 8.900 evrur sem greiddar voru með reiðufé 15. janúar 2020 í Hollandi. Flutningsaðilinn [...] sá um innflutninginn. Saltdreifarinn kom til landsins 2. febrúar 2020 og var tollskýrsla gerð 24. mars sama ár. Daginn eftir var saltdreifarinn fluttur frá svæði [...] í [...].

Lögreglu höfðu borist upplýsingar, sem hún mat áreiðanlegar, þess efnis að ákærði Halldór Margeir og aðilar honum tengdir væru stórtækir í framleiðslu fíkniefna hérlandis. Fylgdi upplýsingunum að framleiðslan væri nokkuð stöðug og að ákærði og samverkamenn hans fengju mjög reglulega fíkniefni sem dreift væri á íslenskum markaði. Hann ætti að hafa fengið tilbúin fíkniefni í apríl 2020 og notast hefði verið við hvítar málningarfötur í tengslum við þau. Fíkniefni frá þessum aðilum væru þegar komin á íslenskan markað og væri um mikið magn að ræða, í kílóavís. Þá kom fram að fíkniefnaframleiðslan væri fyrir utan höfuðborgarsvæðið.

Rannsókn fór fram á kaupum á þeim vörum sem komu fram á innkaupalista í samskiptunum í EncroChat hjá byggingavöruverslunum. Niðurstaða þeirrar rannsóknar sýndi að ákærði Halldór Margeir keypti hluta af þeim vörum sem voru á listanum í [...] 15. apríl 2020 og greiddi fyrir þær vörur með reiðufé í gegnum staðgreiðslureikning félagsins [...]. Þá leiddi rannsókn einnig í ljós að keyptir höfðu verið fjórir drullutjakkar í versluninni [...] á því tímabili sem samskipti um slíkan búnað áttu sér stað í EncroChat milli Nuclearfork og Residentkiller. Samkvæmt upplýsingum frá versluninni var greitt fyrir tjakkana með reiðufé en ekki liggur fyrir hver kaupandinn var.

Lögregla fékk heimild til öflunar á símagögnum ákærða Halldórs Margeirs. Við greiningu á þeim gögnum kom í ljós að hann hafði tengingu við [...] og átti í miklum samskiptum við ábúandann þar, ákærða Guðjón. Í kjölfarið á því fór lögregla í húsleit, með leynd, að [...]. Þar fannst saltdreifari í skemmu sem tilheyrir landi ákærða Guðjóns. Skoðun lögreglumanna benti til þess að tækið væri það sama og var á ljósmyndum úr samskiptagögnunum í EncroChat ásamt því sem umhverfið á myndunum passaði við umhverfið í skemmuni að [...]. Þar sem nokkrar vikur voru liðnar frá lokum samskiptanna á EncroChat taldi lögregla að saltdreifarinn væri þá tómur og að búið væri að framleiða amfetamín úr þeim efnum sem voru flutt til landsins í tækinu. Tekin var ákvörðun um áframhaldandi rannsókn á innflutningnum og framleiðslunni á amfetamíninu með það að markmiði að greina betur hverjir stæðu að baki innflutningnum.

Gögnin sem lögreglu bárust úr EncroChat voru tekin til skoðunar og hafin greiningarvinna á þeim notendum sem áttu í samskiptum um saltdreifarann og framleiðslu fíkniefnanna með það markmið að finna hvaða einstaklingar stæðu þar að baki. Það var niðurstaða lögreglu að notandinn Residentkiller væri ákærði Halldór Margeir og að notandinn Nuclearfork væri ákærði Guðlaugur Agnar. Þá voru notendurnir

Neptun og Beigepanda taldir vera Ísraelar, með tengingar við Holland, en samskipti þeirra voru á hebresku, hollensku og ensku, en ekki hefur tekist að hafa uppi á þeim mönnum.

Í samskiptum ofangreindra notenda kemur fram að amfetamínbasinn hafi verið falinn í tveimur málmprófilum sem voru faldir í burðarbitum saltdreifarans og kemur fram að 26,5 lítrar af amfetamínbasa hafi verið í hvorum prófíl fyrir sig. Samkvæmt mælingum á innanmáli bitanna í saltdreifaranum, þar sem málmprófilunum var komið fyrir, og útreikningum á rúmmáli bitanna væri hægt að koma tæplega 33 lítrum af vökva í hvorn bita án annarra umbúða.

Í samskiptunum má einnig sjá að erlendir aðilar áttu að koma að framleiðslu amfetamínsins en þeir gátu ekki ferðast til landsins vegna Covid-heimsfaraldursins. Var þá tekin ákvörðun um að þeir aðilar sem staðsettir voru á Íslandi myndu sjá um að ná amfetamínbasanum úr saltdreifaranum skv. leiðbeiningum og fyrirmælum frá Nuclearfork, sem hann fékk frá Neptun og Beigepanda. Á samskiptunum sést að Nuclearfork gaf fyrirmæli og var upplýstur um framgang framleiðslunnar og Residentkiller var sá sem tók við fyrirmælunum, framkvæmdi og upplýsti svo Nuclearfork um framvinduna. Meðal annars má sjá ljósmyndir af saltdreifaranum, leiðbeiningar um staðsetningar á saltdreifaranum, amfetamínbasa í fötum og brúsum, myndir af magntölum ásamt ljósmyndum af tilbúnum efnum í plastfötum. Ljósmyndirnar fóru á milli Residentkiller og Nuclearfork og þaðan til Neptun og Beigepanda.

Í samskiptunum sést að vandræði komu upp þegar verið var að tappa amfetamínbasanum af öðrum prófílum sem varð til þess að efnið fór að leka. Fram kemur að í fyrstu hafi náðst um 23,5 l af amfetamínbasa en síðar hafi náðst 1,5 l í viðbót, sem höfðu lekið úr málmprófilnum inn í vélina sjálfa. Þá hafi náðst 25,5 l af amfetamínbasa úr seinni prófílum. Þann 28. apríl 2020 sendi Nuclearfork til Neptun útreikninga á magni, þar sem fram kemur að heildarmagnið sem þeir geti framleitt sé 117.500 g eða 117,5 kg.

Í samskiptunum má einnig sjá að notendurnir ræða m.a. um söluverð á tilbúnum efnum ásamt skiptingu hluta, kostnað við innflutninginn og framleiðsluna, stöðu íslensku krónunnar og vandræði sem hafa skapast við að skipta íslenskum krónum í evrur þar sem fjöldi einstaklinga, sem Nuclearfork segir að sé hans fólk, hafi verið handtekinn og að lögreglan fylgist vel með gjaldeyriskaupum.

Í gögnum EncroChat notandans Neptun má finna minnispunkta um umræddan saltdreifara þar sem fram kemur bókhald sem lögregla telur að varði innflutninginn. Þar kemur m.a. fram hvað vantar fyrir verkefnið og hverjir standa að baki því. Þar er verkefninu skipt, út frá eignarhlut og fjármögnun eða greiðslum, á milli fjögurra aðila. Í minnispunktunum er skiptingin þannig að aðili sem kallar sig „pin“ er skráður fyrir 30%, Neptun skráður fyrir 30% og Lui og Coroa eru skráðir fyrir 40% í verkefninu.

Við rannsókn lögreglu á saltdreifaranum að [...] í september 2021 voru tekin sýni á þeim stöðum þar sem gögn sýndu að amfetamínbasinn hefði verið. Efnagreining úr sýnatökunni gaf jákvætt svar um leifar amfetamíns og kókaíns á öllum sýnatökupinum. Þá voru, í apríl 2022, tekin sýni úr 5 lítra brúsum sem fundust í skemmunni. Sýnið sem náðist reyndist vera 1 ml af vökva sem sýndi jákvæða niðurstöðu á amfetamíni í rannsókn og prófun hjá tæknideild lögreglunnar. Sýnið var einnig sent til rannsóknar í Svíþjóð til samanburðargreiningar við efni úr öðru máli. Varð niðurstaðan sú að efnið úr sýnatökunni væri staðfest sem amfetamínbasi ásamt því sem samanburðarrannsókn skilaði jákvæðri niðurstöðu á samanburð við amfetamínbasa í öðru máli.

Lögregla fékk heimild til hlustunar og hljóðritunar símtala ákærða Halldórs Margeirs en þar mátti m.a. greina að hann stendur að dreifingu fíkniefna. Þá ræddu ákærðu Halldór Margeir og Guðjón í samtölum um „hóraðan hest“ sem ákærði Guðjón hefur staðfest að eigi við um saltdreifarann. Jafnframt átti ákærði Halldór Margeir samtöl þar sem hann nefnir þekkt gælunöfn ákærða Guðlaugs Agnars tengd rekstri félags hans [...].

Þann 20. maí 2022 voru ákærðu Guðlaugur Agnar, Guðjón og Halldór Margeir handteknir og leitað á dvalarstöðum þeirra. Lagt var hald á ýmsa muni sem taldir voru hafa sönnunargildi, m.a. fjölda farsíma og tölvur. Að [...] var saltdreifarinn, sem geymdur var í fjárhúsi á landi ákærða Guðjóns, haldlagður. Í sama fjárhúsi voru tveir tjakkar haldlagðir.

Í skýrslutökum yfir ákærða Guðjóni hjá lögreglu kom fram að hann hefði verið beðinn um að geyma saltdreifarann og fengið 500.000 krónur í reiðufé fyrir það. Honum hefði upphaflega verið sagt að engin fíkniefni væru í tækinu. Hann kvaðst í upphafi ekki hafa vitað að fíkniefni hefðu verið í tækinu þegar borið var undir hann að rannsókn lögreglu sýndi jákvætt svar við amfetamíni og kókaíni, en síðar kom fram hjá honum að eitthvað hefði verið tekið úr saltdreifaranum sem hann héldi að væri amfetamín. Hann lýsti því að hann hefði óttast þá sem að þessu hefðu staðið. Efnin hefðu verið fjarlægð úr saltdreifaranum á sveitabænum hans og framleidd fíkniefni úr þeim. Einhver maður sem hann kunni ekki skil á hefði komið til þess að sjá um þetta. Hann taldi magnið hafa verið umtalsvert, eða um 100 kíló. Hann vildi upphaflega ekki tjá sig um þátt ákærða Halldórs Margeirs en sagði að einn af þeim sem stóðu að baki kannabisframleiðslunni á [...] hefði líka staðið að baki saltdreifaranum. Hann staðfesti síðar að það væri ákærði Halldór Margeir sem hefði leitað til hans vegna saltdreifarans. Bornar voru undir hann ljósmyndir af saltdreifaranum úr EncroChat þegar búið var að lyfta honum upp með tjökkunum. Hann staðfesti að myndirnar væru úr bragganum hans þar sem saltdreifarinn fannst. Hann kvað fíkniefnin hafa verið geymd í rúllubindivél á bænum um tíma.

Ákærði Halldór Margeir neitaði í skýrslutökum hjá lögreglu alfarið að hafa nokkuð komið að málefnum saltdreifarans. Hann kvaðst þekkja ákærða Guðjón vel í

gegnum hrossarækt og sagði að þeir væru í miklum samskiptum vegna þess. Ákærði Guðjón hefði mögulega sent honum myndir af saltdreifaranum og beðið hann um aðstoð við að losa sig við hann. Hann neitaði því að þekkja samskiptaforritið EncroChat eða að hann væri notandinn Residentkiller. Hann kvaðst þekkja ákærða Guðlaug Agnar í tengslum við viðskipti fyrir mörgum árum síðan. Hann viðurkenndi að hafa selt kannabis þegar borin voru undir hann samskipti við tiltekna aðila.

Ákærði Guðlaugur Agnar neitaði alfarið að tjá sig hjá lögreglu og neitaði öllum ásökunum.

Í málinu liggja fyrir umtalsverð gögn þar sem m.a. má finna ýmsar skýrslur, ljósmyndir, útreikninga, rannsóknir og símagögn. Meðal annars liggja fyrir ítarlegar skýrslur um greiningu á notendunum Residentkiller og Nuclearfork í EncroChat. Þá liggur í málinu fyrir matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði frá 6. október 2021. Rannsakað var sýni sem var 11 bómullarpinnar í 6 pappaöskjum. Fram kemur að óhreinindi hafi verið sjáanleg á öllum pinnunum. Með gasgreiningu á súlu og massagreiningu hafi fundist leifar amfetamíns og kókaíns á öllum pinnunum. Þá liggja fyrir niðurstöður samanburðarrannsóknar frá Nationellt Forensiskt Centrum í Svíþjóð frá 16. júní 2022.

Ákæruliður 1.2

Þann 1. febrúar 2022 veittu lögreglumenn ákærða Ólafi Ágústi athygli þar sem hann sótti ræktunarbúnað í húsnæði að [...]. Samkvæmt skýrslu lögreglu fór hann ásamt ákærða Geir Elí að bænum [...] þar sem þeir báru ræktunarbúnaðinn inn í útihús og þar inn í kjallara. Var lögreglumönnum þá kunnugt um að bærinn og ákærði Guðjón voru þegar til rannsóknar hjá lögreglu og höfðu verið um nokkurt skeið vegna gruns um innflutning á miklu magni af amfetamínbasa og framleiðslu á amfetamíni. Sérstök rannsókn var hafin á framleiðslunni á kannabisefnum að [...]. Strax í upphafi var ljóst að allir þrír framangreindir tengdust framleiðslunni á kannabisefnum en síðar kom í ljós að ákærði Halldór Margeir gerði það einnig. Undir rannsókn málsins fylgdist lögregla með ítrekuðum ferðum ákærðu Geirs Elís og Ólafs Ágúst að [...]. Þeir fóru með búnað að bænum og unnu við lagfæringar o.fl. Ákærði Halldór Margeir sást einnig fara þangað í nokkur skipti en þó ekki inn í ræktunina sjálfa fyrir en þeir hófu að klippa niður uppskeruna.

Hluti af ferðunum í ræktunina var hljóðritaður og liggur í málinu fyrir endurrit þeirra samtala. Var m.a. verið að ræða framleiðslu á kannabisefnum og lagfæringar á aðstöðunni þannig að meiri og betri uppskera fengist. Þá ræddu ákærðu hugmyndir um að stækka ræktunina þannig að uppskeran gæti orðið 20 kg á fjögurra vikna fresti. Þann 3. mars 2022 sáu lögreglumenn ákærða Ólaf Ágúst bera, að því er þeir töldu, fötur í svörtum ruslapoka frá útihúsinu að [...] og setja á pall bifreiðar sinnar. Með honum í för

var ákærði Geir Elí og voru þeir á D bifreið ákærða Ólafs Ágústs. Ók hann með þetta til Reykjavíkur, ók ákærða Geir Elí heim, en fór síðan m.a. að hesthúsi sínu að C-tröð 11 þar sem hann stoppaði í 10 mínútur. Lögreglu grunaði að þangað hefði hann farið með föturnar. Kannabisefni fundust í fötum við leit í hesthúsinu þann 20. maí 2022 og er grunur um að þau efni hafi komið frá fyrri uppskeru að [...].

Lögreglumenn fylgdust með ítrekuðum ferðum ákærða Geirs Elís að [...] en hann fór einn í sumar ferðirnar. Í þeim ferðum kannaði hann m.a. stöðu ræktunarinnar og búnaðarins. Hann notaðist við bifreiðina [...] og flutti m.a. ræktunarbúnað til og frá bænum á henni.

Á meðan á rannsókn málsins stóð fór lögregla inn í húsnaðið að [...] og staðfesti að þar færi fram kannabisræktun. Við þessa leit lögreglu sáu lögreglumenn ummerki um eldri framleiðslu í húsnaðinu. Jafnframt sáu lögreglumenn er ákærði Guðjón brenndi gamlar plöntuleifar á landi sínu 7. maí 2022. Þá fannst hvít tunna með kannabisefni í húsnaðinu.

Dagana 10. og 11. maí 2022 fylgdust lögreglumenn með hvar ákærðu Guðjón, Halldór Margeir, Ólafur Ágúst og Geir Elí klipptu niður uppskeruna og að kvöldi 19. maí gengu ákærðu Guðjón og Geir Elí frá fíkniefnum sem tilbúin voru að [...] í fötur en þau höfðu þá verið í þurrki í þurrkgrindum í útihúsi við [...] dagana á undan.

Þann 20. maí 2022 voru ákærðu handteknir. Ákærðu Guðjón og Geir Elí voru handteknir á heimilum sínum, ákærði Halldór Margeir við ökutæki sitt á leið frá heimili sínu, en Ólafur Ágúst var handtekinn eftir eftirför lögreglu um höfuðborgarsvæðið. Bifreiðin D, Ford F350, sem ákærði Ólafur Ágúst ók var haldlögð. Við rannsókn málsins sáu lögreglumenn ákærða ítrekað aka með ræktunarbúnað á bifreiðinni frá höfuðborgarsvæðinu að [...] auk þess sem hún taldi sig hafa séð ákærða flytja fíkniefni á henni frá bænum. Við handtökuna olli ákærði árekstri við lögreglubifreiðar. Leit var gerð í ökutækinu og þar haldlagður m.a. farsími Ólafs, fíkniefni og peningar. [...] ákærða er skráð umráðamaður bifreiðarinnar en fyrirtækið Úranus skráð eigandi.

Við húsleit að [...] var kannabisræktunin haldlögð ásamt tilbúnu kannabisefni í fötum og búnaði sem notaður hafði verið við framleiðslu á kannabisefnum. Þá var haldlögð 131 kannabisplanta, 6.110 g af kannabisplöntum og 16.265 g af marjúana í fötum.

Í málinu liggur fyrir matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 22. júní 2022. Þar kemur fram að sjö grænar plöntur hafi reynst kannabis. Magn tetrahýdrókannabínóls í þurru sýni hafi reynst 10 mg/g en reiknað magn í sýni við komu 3,1 mg/g. Þá hafi sýni sem lýst er sem fimm grænar plöntur reynst kannabis sem innihéldu 22 mg/g af tetrahýdrókannabínóli í þurru sýni, en 7,7 mg/g við komu. Þá hafi ein græn planta reynst innihalda kannabis með 9,9 mg/g af tetrahýdrókannabínóli í þurru sýni en 9,0 mg/g í sýni við komu.

Ákæruliður II.1

Við rannsókn á framangreindu máli í ákærulið I.2 fylgdist lögregla með ferðum ákærða Ólafs Ágúst. Varð lögregla þá vör við að hann fór í nokkur skipti að [...] og þar að bílskúr. Í ljósi þess og þar sem lögreglu höfðu borist upplýsingar um að ákærði geymdi fíkniefni í húsnæði sem ætti að vera öruggt var ákveðið að kanna húsnæðið nánar. Eigandi bílskúrsins nr. 104 greindi frá því að hún leigði bílskúrinn út til manns að nafni C1, en hann hefði komið að skoða skúrinn ásamt manni sem ætti eða ræki barinn að [...]. Haft var samband við C1, sem lögreglu var kunnugt um að hefði tengsl við ákærða Ólaf Ágúst. C1 kvaðst vera leigutaki að bílskúrnum og vera með lykil, en hann hefði leigt skúrinn fyrir ákærða Ólaf Ágúst sem hefði vantað húsnæði fyrir búslóð. Er lögregla opnaði bílskúrinn var strax ljóst að mikið magn fíkniefna var þar að finna. Var þar lagt hald á 224,1 g af amfetamíni, 1.792,65 g af kókaíni, 6.731,37 g af MDMA, 1.835,38 g af metamfetamíni, 41.750 ml af amfetamínvökva, 20.850 ml af MDMA-vökva, og 7.101 stykki af MDMA-töflum.

Í málinu liggja fyrir matsgerðir Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði um framangreind fíkniefni og útreikninga á því hve mikið magn í neyslustyrkleika hægt er að búa til úr amfetamínbasanum, MDMA-basanum og MDMA-kristöllum. Er það niðurstaðan að gefnum tilteknum forsendum að hægt væri að útbúa tæplega 172 kg af efni sem væri 14% að styrk úr amfetamínbasanum, rúmlega 198.000 töflur sem innihalda 96 mg af MDMA úr MDMA-basanum og rúmlega 54.500 töflur sem innihalda 96 mg af MDMA úr MDMA-kristöllum.

Ákæruliður II.4

Í kjölfar handtöku ákærða Ólafs Ágúst þann 20. maí 2022 var gerð húsleit í hesthúsi í hans eigu í [...]. Fundust þar 3092,46 g af marjúana sem lögregla taldi hafa verið framleitt að [...], 26.298,8 g af hassi, 462,23 g af amfetamíni sem lögreglu grunaði að hefði verið framleitt úr sama amfetamínbasa og fannst að [...], sbr. ákærulið II.1, 260 ml af amfetamínvökva (basi), 20 ml af hassolíu, 2,28 g af kókaíni, 4 stykki af MDMA-töflum, 2,06 g af metamfetamíni og 13 stykki af LSD.

Í málinu liggur fyrir matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 22. júní 2022, þar sem fram kemur að brúnir kögglar hefi reynst vera kannabis og var magn tetrahýdrókannabínól í sýnunum 5,8, 7,6 og 8,1 mg/g.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærði *Guðlaugur Agnar* neitar sök í málinu. Hann neitaði því að hann væri notandinn Nuclearfork á samskiptaforritinu EncroChat og kvaðst aldrei hafa notað það forrit. Hann hefði séð af gögnum málsins að þessi notandi hefði verið á Íslandi í apríl

2020 en hann hefði þá sjálfur verið í Taílandi. Hann kvaðst hafa búið og starfað í Taílandi frá árinu 2019 en neitaði að upplýsa hvar hann hefði búið fram að því. Árið 2019 hefði hann ferðast og sumarið 2020 hefði hann farið til Evrópu og aftur til Taílands í desember sama ár. Eftir það hefði hann ekkert ferðast þar til hann hefði komið til Íslands ásamt unnustu sinni til að heimsækja fjölskylduna. Í Taílandi reki hann íþróttafélag og starfi að uppbyggingu á brasilísku jiu jitsu þar í landi, m.a. með skólayfirvöldum.

Ákærði kvaðst hafa verið kallaður ýmsum gælunöfnum, til að mynda Agnar, Laugi og Louie. Hann kannaðist hins vegar ekki við Blondie, Ljósi eða Ljóshærði. Hann hefði verið með fjóra síma í fórum sínum þegar hann hefði verið handtekinn en hann væri þó ekki að nota þá alla. Hann hefði þó notað fleiri en einn vegna ferðalagsins, bankastarfsemi og rekstursins.

Ákærði neitaði því að kannast við notandanöfnin Deepsea, DeepCargo eða DeepOcean. Spurður um lykilorðin Abbydead og Kotturinn1, sem einnig var að finna hjá Nuclearfork í EncroChat, kvaðst hann hafa fengið tölvuna uppsetta með þessum lykilorðum. Félagi hans hefði keypt tölvuna í Hollandi og fært honum hana í Taílandi. Hann hefði gert þetta til að forðast vesen í tolli. Sjálfur hefði hann ekki breytt lykilorðunum neitt. Tölvun hefði verið keypt árið 2021, eftir að atvik máls hefðu átt sér stað.

Spurður um myndir sem sýna hann æfa jiu jitsu á heimili sínu kvað hann myndirnar vera af sér og teknar á sinn síma. Hann kvaðst ekki muna til þess að hafa sent myndirnar neitt og þær hefðu ekki birst í neinum samskiptum.

Ákærði kvaðst kannast við notandanöfnin Nokko og Toto en vildi ekki tjá sig um þau þar sem hann teldi þau málinu óviðkomandi. Þá staðfesti hann að hann þekkti A og föður hans en gat ekki skýrt hvers vegna þeir væru tengiliðir hjá Nuclearfork. Varðandi gögn úr síma, svo sem leit að saltdreifara, kvað hann símann nýjan og málinu óviðkomandi.

Hann kvaðst hafa kynnst meðákærða Halldóri Margeiri árið 2011 er hann hefði keypt af sér vörur þegar hann rak veitingastaðinn Loftið. Hann hefði verið í litlum sem engum samskiptum við hann eftir að hann hefði flutt af landinu árið 2015. Hann kannaðist ekki við að meðákærði væri kallaður Doom. Spurður um myndir af samtali sem einnig var að finna í síma meðákærða Halldórs Margeirs, þar sem rætt var um leit að landbúnaðartæki með tvo langa bita, kvað hann þetta málinu óviðkomandi.

Ákærði vildi ekki tjá sig um mörg önnur atriði sem borin voru undir hann en vísaði til bókunar sem hann lagði fyrir dóminn um að hann myndi ekki tjá sig um atriði sem tengdust öðrum opnum rannsóknum lögreglu.

Ákærði *Guðjón* kvaðst ekki hafa staðið að innflutningi á fíkniefnum eða sölu þeirra. Hann hefði verið fenginn til að kaupa saltdreifarann með félaga sínum og átt að

fá peninga fyrir að geyma hann, en eftir það hefðu þeir mátt eiga hann. Í mars 2020 hefði meðákærði Halldór Margeir komið að máli við hann og sagt að hann hefði séð saltdreifara auglýstan í Bændablaðinu. Hann hefði talið að þarna væri hægt að gera góð kaup og spurt hvort hann ætti félag sem gæti keypt hann. Hann hefði ekki átt það en kunningi hans, B, hefði verið með félag á lausu. Þeir hefðu keypt tækið og hann hefði átt að fá 500.000 krónur fyrir að geyma það. Kunningi hans hefði einnig fengið eitthvað greitt fyrir að leggja félagið í þetta. Tækið hefði verið komið til landsins og hefði verið í [...]. Sér hefði skilist að það væri einhver erlendur aðili sem ætti tækið. Þeir B hefðu hitt þennan mann á [...] og B rætt við hann en það hefði verið erfitt að skilja hann þar sem enskan hans hefði verið mjög bjöguð. Meðákærði hefði látið hann fá peninga til að leysa tækið út, sem hann hefði síðan látið B fá. Kunningi B, C, hefði aðstoðað við að sækja tækið og það hefði svo komið til hans seinni partinn í mars. Hann hefði spurt meðákærða hvort fíkniefni væru í tækinu en meðákærði hefði neitað því. Hann hefði sagst ætla að prófa að flytja svona tæki til landsins.

Þegar tækið hefði staðið inni í skemmu hjá honum í nokkurn tíma hefði meðákærði talað um að það gæti verið eitthvert sýnishorn í því. Hann hefði þá verið lentur í einhverjum aðstæðum sem hann hefði ekki áttað sig á. Honum hefði verið sagt að málið væri komið svo langt að ekki væri hægt að snúa við.

Einhverjir menn hefðu átt að koma til að taka þetta úr tækinu en vegna Covid hefði það ekki gengið. Honum hefði verið sagt að hann yrði að hjálpa til við að taka þetta úr tækinu. Það væru þannig menn í kringum þetta að menn væru jafnvel „plammaðir niður“ ef þeir hlýddu ekki. Hann hefði því ekki þorað annað og bara hugsað um að koma þessu sem fyrst í burtu. Einhver maður sem hann þekkti engin deili á hefði komið á bæinn en meðákærði hefði látið hann vita af komu þessa manns. Hann kvað einungis einn mann hafa komið og kvaðst ekki vita hvers vegna hann hefði sagt hjá lögreglu að þeir hefðu hugsanlega verið tveir. Óvissa hefði verið um hvar efnin væru og hvernig ætti að losa þau. Það hefði endað með því að saltdreifarinn hefði verið tjakkaður upp með drullutjökkum til að ná halla á hann og efnin hefðu verið dregin út úr einhverjum prófílum. Þau hefðu verið í tönkum úr járn. Hann vissi ekki um hve mikið magn hefði verið að ræða en þau hefðu farið á tvo til þrjá brúsa. Maðurinn hefði komið með drullutjakkana, spýtu, slípirokk og stálskurðarskífu með sér en ekki vitað hvernig hann ætti að bera sig að og hefði farið afsíðis með símann sinn, sem sér hefði sýnst vera með loftneti, til að fá nánari upplýsingar. Hann hefði ekki séð hvort maðurinn væri að tala í símann eða skrifa, en héldi þó að hann hefði tekið myndir og sent. Þetta hefði verið flókið verkefni og tekið tvær til þrjár klukkustundir. Leki hefði komið upp þar sem skorið hefði verið í bita og komið hefði í ljós að efnin væru í vökvaformi.

Efnin hefðu síðan verið færð í aðra skemmu en hann hefði ekkert verið viðriðinn það sem þar hefði gerst. Hann hefði séð þangað inn að verið var að nota hræru og prik

og hann gerði ráð fyrir að fíkniefni hefðu verið blönduð þar, en hann gerði sér ekki grein fyrir magni þeirra. Spurður um framburð sinn hjá lögreglu um að notað hefði verið efni í brúnni flösku og tveimur til þremur efnur hefði verið blandað saman kvaðst hann ekki muna eftir þessu en hann hefði þó eytt brúnni flösku sem hefði orðið eftir þarna.

Ágiskanir hans um magn hjá lögreglu hefðu verið eftir að hafa heyrt lögreglu nefna tölur. Framburð sinn um að hafa séð tölur á blaði skýrði hann þannig að hann hefði séð eitthvert blað en ekki vitað við hvað tölurnar hefðu átt. Þær hefðu líka getað átt við um folaldakjöt. Hann hefði ekkert endilega tengt þetta við magn fíkniefnanna. Það sama gildi um það þegar hann hefði sagt að sér hefði verið sagt að þetta væri amfetamín. Sami maður hefði komið á bæinn í nokkur skipti en hann hefði sjálfur ekki alltaf verið á staðnum. Fíkniefnin hefðu verið geymd í bindivél, en síðan hefði maðurinn komið og sótt efnin. Saltdreifarinn hefði orðið eftir á bænum, það hefði reynst erfitt að losna við hann enda hefði fyrirtæki B verið orðið gjaldþrota. Hann hefði sjálfur skorið prófíla í sundur og hent þeim í ána til að losna við þá.

Hann hefði í upphafi fengið 500.000 krónur fyrir að geyma saltdreifarann og síðan, þegar skemman hans hefði verið notuð til að framleiða fíkniefnin, hefði hann fengið annað eins fyrir það. Samtals hefði þetta verið 1.000.000 til 1.200.000 krónur sem hann hefði fengið greiddar frá meðákærða Halldóri Margeiri.

Meðákærði Halldór Margeir hefði fengið hann til að stofna með sér félag, [...], utan um hrossarækt. Hann hefði síðan viljað losna út úr félaginu þar sem hann hefði ekki viljað vera í neinum viðskiptum með meðákærða. Spurður um framburð sinni hjá lögreglu um að félagið hefði átt að stunda „innflutning eða eitthvað“ kvaðst hann ekkert vita um það. Hann hefði þekkt meðákærða í nokkur ár og ætti í miklum samskiptum við hann um hrossarækt. Hann hefði hins vegar enga hugmynd um hver meðákærði Guðlaugur Agnar væri.

Varðandi kannabísræktunina kvaðst ákærði hafa séð um að útvega húsnæðið, vökva plöntur og klippa niður. Meðákærði Halldór Margeir hefði upphaflega komið að máli við hann um ræktunina og meðákærði Ólafur Ágúst hefði svo bæst í hópinn. Þetta hefði verið árið 2019 en árið 2020 hefði meðákærði Geir Elí verið fenginn að verkefninu sem sérfræðingur. Ákærði kvaðst hafa þekkt meðákærða Ólaf Ágúst í nokkur ár í gegnum hrossaræktina en meðákærði Geir Elí hefði svo komið í gegnum hann. Þeir þrír sem upphaflega hefðu komið að ræktuninni hefðu séð um að setja ræktunina upp, ljós, þurrkherbergi o.fl. Ræktunin hefði verið í haugkjallara og þurrkrými þar fyrir ofan og lítið ræktunartjald hefði verið fyrir litlar plöntur. Meðákærðu hefðu séð um að leggja út fyrir búnaðinum og koma með plönturnar. Húsnæðið hefði ekki hentað vel fyrir þetta og ræktunin hefði gengið mjög illa vegna myglu. Þess vegna hefði meðákærði Geir Elí verið fenginn að málinu árið 2020. Hann hefði reglulega komið og skoðað ræktunina. Það sem hefði verið í lagi með hefðu meðákærðu farið með. Rætt hefði verið um að stækka

ræktunina ef vel gengi en svo hefði ekki verið. Það hefðu ekki verið margar uppskerur og þær verið misjafnlega stórar. Ákærðu hefðu skipt þessu á milli sín en hans hlutur hefði bara verið í peningum. Hann hefði fengið 2.000.000 til 3.000.000 króna í sinn hlut í heildina. Spurður um efnin sem fundust á staðnum kvað hann efni í þremur pokum vera hrat og lauf sem meðákærði Ólafur Ágúst hefði ætlað að gefa krabbameinsveikum. Þá hefði það sem hefði verið skilið frá í tveimur fötum, um 1.500 g, verið myglað og ónýtt. Það hefði komið til áður en meðákærði Geir Elí hefði komið að ræktuninni. Þá gæti verið að efnið í pokunum hefði orðið eftir þegar einhver utanaðkomandi hefði komið að [...]. Hann hefði þó ekki hugmynd um hvaðan það hefði komið og hefði ekki séð neinn koma með það.

Ákærði *Halldór Margeir* neitar alfarið sök vegna ákæruliðar I.1. Hann kvaðst ekkert kannast við það sakarefni. Hann kvaðst þekkja meðákærða Guðlaug Agnar, en þeir hefðu kynnst í gegnum skemmtanalífið fyrir nokkrum árum og í kjölfarið hefði meðákærði selt honum te fyrir veitingastað. Eina gælunafn hans sem hann kannaðist við væri Gulli. Hann sagði að sér hefði verið bent á að hann hefði símanúmer meðákærða vistað í símanum sínum en taldi líklegt að hann hefði fengið það sent sem nafnspjald frá einhverjum sem hefði verið að reka veitingastaðina fyrir hann. Það skýrði af hverju hann væri vistaður þar undir nafninu Laugi.

Ákærði kvaðst þekkja meðákærða Guðjón vel í gegnum hestamennsku og þeir væru í miklum samskiptum. Þeir hefðu rætt saman daglega, einkum um hross og slúður. Það eina sem hann vissi um saltdreifarann væri að meðákærði Guðjón hefði haft samband við sig í nóvember eða desember á síðasta ári og viljað losna við saltdreifarann og hefði beðið hann um að selja hann fyrir sig. Meðákærði hefði sent honum myndir sem hann hefði áframsent á vörubílstjóra sem kynni að hafa áhuga. Hann hefði líka séð saltdreifarann í fjárhúsinu hjá meðákærða um þetta leyti. Hann hafnaði algjörlega framburði meðákærða um aðkomu hans að saltdreifarann og kvaðst ekki vita hvers vegna hann segði þetta.

Spurður um samskiptamiðlanotkun hans kvaðst hann nota ýmis forrit, svo sem Messenger og Signal. Hann kannaðist ekki við að hafa notað Wickr. Ekkert óeðlileg væri við það að tengiliðir í því forriti myndu í síma hans þar sem hann væri með 6.300 tengiliði í símanum en hann hefði kynnst mörgum á því að reka veitingastaði í um 20 ár. Hann hafnaði því að kannast við notandanöfnin Deep, Mofugl og Gulurraudur á Wickr. Þá kannaðist hann ekki við notandann Pitcairn sem hann hafði vistað sem tengilið. Hann kvaðst eiga þrjá af þeim fimm farsímum sem lögregla hefði lagt hald á á heimili hans. Hann væri með tvö símanúmer, annað privat og hitt fyrir fyrirtækið [...]. Hann væri svo nýbúinn að fá sér nýtt númer og ætlaði að loka hinum númerunum. Hann kvaðst ekki þekkja samskiptaforritið EncroChat og ekki kannast við notandanöfnin Nuclearfork eða

Residentkiller. Hann gat ekki gefið skýringar á því af hverju síminn hans og sími Residentkillers hefðu verið staddir á sama stað. Hann kvaðst fara að [...] að meðaltali einu sinni í viku þar sem hann væri með hross þar, þannig að það væri ekkert óeðlilegt að hann kæmi inn á senda á [...].

Spurður um kaup hans á búnaði í byggingarvöruverslun sama dag og talað væri um hann í samskiptum þessara aðila á EncroChat kvaðst hann hafa verið að kaupa þessa hluti vegna uppsetningar á veitingastað. Hann hefði keypt spýtu að beiðni smiðsins vegna uppsetningar á innréttingum á staðnum og stálskurðarskífu til að taka niður hluti af veitingastað í [...] og færa á staðinn sem hann hefði verið að setja upp á Hverfisgötu. Minni málningarföturnar hefðu verið notaðar við að bera epoxy á gólfið. Stærri föturnar hefðu verið notaðar til að bera fylgihluti á milli [...]. Hann hefði greitt með reiðufé og skráð þetta á kennitölu fyrirtækisins. Ekkert óeðlilegt hefði verið við þessi viðskipti. Hann neitaði því hins vegar að hafa keypt drullutjakka.

Ákærði kannaðist ekki við að vera kallaður Dóri Doom. Hann kannaðist við að hafa verið með símanúmerið [...] en vissi ekki hvers vegna einhver hefði vistað það sem Doom gamli. Hann kannaðist við að nota lykilorðið 2211 í símana sína. Hann hefði gert það í áratugi og fleiri fjölskyldumeðlimir notuðu það sama. Hann vildi ekki tjá sig um lykilorð Residentkiller á EncroChat 21122hmo.

Spurður um nýja símann sinn kvaðst hann ekki muna eftir að hafa sett upp forritið Signal í honum, sem var það eina sem lögregla fann í honum. Spurður um leit að vagni með þremur öxlum eða vagni sem hægt væri að sturta úr, og leit úr vafrasögu að heyvagni, trailerum í Hollandi, flatvögnum og vallarbraut.is kvaðst hann leita mikið að landbúnaðartækjum enda væri hann hálfgerður hobbybóndi. Hann skoðaði þessi tæki þó einkum til að láta sig dreyma. Hann kannaðist ekki við notandanafnið Chopper sem hann hefði átt að eiga samskipti við á Signal í þessum síma og sagðist stórefast um að samskiptin væru við meðákærða Guðlaug Agnar þar sem hann hefði ekki verið í samskiptum við hann í nokkur ár. Hann gat ekki gefið skýringar á því að skjámyndir af samtalinu væru vistaðar í síma meðákærða. Hann kannaðist ekki við að hafa átt í þessum samskiptum en taldi ekki að neinn annar hefði haft aðgang að símanum hans. Þá kannaðist hann ekki við tengiliðinn Mr Handsomemotherfocker með taílenskt símanúmer á Signal.

Hann neitaði því að hafa staðið í sölu og dreifingu fíkniefna að öðru leyti en sölu á kannabisi meðan ræktunin hefði verið í gangi. Það hefðu verið um 3,5 kg. Fjárhagur hans væri upp og ofan eftir því hvað væri að gera á stöðunum en hann væri frekar mikið skuldugur.

Hann kvaðst aldrei hafa látið meðákærða Guðjón hafa reiðufé en hann hefði lagt inn á hann 400.000 til 500.000 krónur. Hann hefði stofnað með honum fyrirtækið [...] en það hefði átt að vera utan um stóðhest að norðan sem þeir hefðu ætlað að taka á leigu

saman. Það gætu verið talsverð viðskipti í kringum það þannig að það þyrfti að gefa út reikninga og greiða virðisaukaskatt. Hann kannaðist ekki við að meðákærði hefði viljað hætta við. Hann hefði skrifað undir pappírana og keypt þetta með honum.

Ákærði kvað kannabísræktunina hafa komið til upp úr spjalli við meðákærða Guðjón um hamprækt. Hann hefði á árinu 2019 bent meðákærða á að það gæti verið sniðugt fyrir hann að fara út í hamprækt en sú umræða hefði þróast út í kannabísræktun sem meðákærði hefði talið heppilega þar sem hann hefði gott húsnæði undir hana. Hann hefði svo leitað til meðákærða Ólafs Ágústs, þar sem hann hefði aldrei sett upp kannabísræktun, um hvort hann væri til í að koma inn í slíkt verkefni. Undir lokin hefði svo meðákærði Geir Elí komið inn í þetta þar sem þeir hefðu verið í tómu veseni með þetta vegna myglu. Meðákærði Geir Elí hefði átt að leiðbeina þeim um ræktunina til að koma í veg fyrir þetta.

Ákærði kvað meðákærða Ólaf Ágúst vera vin sinn til fjölda ára en hann þekkti hins vegar ekki meðákærða Geir Elí sem hann teldi hafa komið inn í ræktunina með meðákærða Ólafi Ágústi. Meðákærðu Guðjón og Ólafur Ágúst hefðu séð um að setja upp ræktunina en þeir hefðu svo allir séð um að klippa plönturnar niður. Meðákærði Guðjón hefði séð um að vökva plönturnar, næra þær snyrta og farga þeim. Hann væri eiginlega aðalmaðurinn í þessu. Hann taldi að búnaðurinn hefði verið fenginn að láni en það hefði verið í höndum meðákærða Ólafs Ágústs. Hann vissi hins vegar ekki hver kom með plönturnar en taldi að það hefðu verið fræ sem hefðu búið til móðurplöntu. Hann hefði tekið það sem honum hefði borið úr ræktuninni og losað sig við það. Hann taldi að hann hefði fengið aðeins stærrí hlut úr ræktuninni en aðrir þar sem hann hefði vantað peninga. Það hefðu verið um 3,5 kg sem hefðu komið úr tveimur ræktunum. Ræktunin hefði ekki verið skipulögð. Það hefðu verið þrjár uppskerur úr henni auk einnar sem hefði eyðilagst. Hann taldi þó að ekki hefði allt efnið sem fannst á staðnum tengst ræktuninni. Eitthvað hefði átt að vera vakúmpakkað og hann hefði átt það sem hefði verið í þurrkun. Annað kannaðist hann ekki við. Efnið hefði verið mjög lélegt og hann hefði ekki ennþá fengið borgað fyrir það sem hefði farið frá honum.

Ákærði Ólafur Ágúst greindi frá því að komið hefði verið að máli við hann um hvort hann væri til í að taka þátt í ræktun og hann hefði slegið til. Hann vildi ekki greina frá því hver hefði komið að máli við hann. Hann mundi ekki skýrt hvenær þetta hefði verið en tengdi það við Covid. Meðákærðu Halldór Margeir og Guðjón hefðu verið í þessu með honum og hann hefði svo fengið meðákærða Geir Elí í þetta á seinni stigum í fyrra. Hann viðurkenndi að þau fíkniefni sem voru á staðnum tengdust ræktuninni. Þeir hefðu sett ræktunina upp í sameiningu. Búnaðurinn hefði verið eitthvað sem hefði fallið til hjá hverjum og einum. Allir hefðu tekið þátt í kostnaðinum við hann. Þetta hefði verið í tveimur húsum. Hann hefði mikið unnið við að koma upp aðstöðunni ásamt fleirum.

Þeir hefðu ekki fengið margar uppskerur þar sem efnið hefði eyðilagst. Þess vegna hefði hann fengið meðákærða Geir Elí að verkefninu. Hann hefði vitað að hann starfaði í verslun sem seldi svona búnað og því hefði hann talið að hann hefði þekkingu á ræktun. Efnið úr ræktuninni hefði mikið til verið ónýtt og því engin söluvara en þó hefði verið efni úr henni í hesthúsinu í [...] og að [...]. Efnið í [...] hefði verið úr tveimur uppskerum. Þeir hefðu skipt efninu á milli sín. Hann hafði reynt að sýna það en hefði setið uppi með það vegna þess hve lélegt það var. Það sem hefði verið í hesthúsinu úr ræktuninni hefði ekki bara verið hans hluti heldur hefði átt eftir að skipta því. Meðákærði Guðjón hefði séð um ræktunina dags daglega. Meðákærði Geir Elí hefði komið við og fylgst með þessu og hann sjálfur hefði komið þarna við auk meðákærða Halldórs Margeirs. Hann taldi að þeir hefðu hist allir fjórir saman í nokkur skipti, líklega þrjú til fimm. Þeir hefðu m.a. rætt um hvort hægt væri að bæta ræktunina en hugmyndir um stækkun hefðu verið óraunhæfar þar sem þeir hefðu ekki haft aðstöðu til þess. Ákærði Guðjón hefði ekki tekið við efnunum úr ræktuninni en hann hefði gaukað að honum eins og 100.000 krónum. Spurður sérstaklega um tvær fötur sem voru í öðru herbergi en hinar þrettán kvaðst ákærði ekki geta sagt til um hvort þetta væri úr annarri ræktun en þetta gæti hafa verið ónýtt efni úr fyrri ræktun. Hann kannaðist ekki við að meðákærði Halldór Margeir hefði fengið 3,5 kg úr ræktunni. Hann mundi ekki hvenær ræktunin hefði verið sett á fót en hún hefði verið starfrækt í nokkurn tíma. Hann kannaðist ekki við að eitthvað af efnunum sem hefðu fundist í [...] hefði komið annars staðar frá.

Varðandi ákærulið II.1 viðurkenndi ákærði að hafa haft þau fíkniefni sem um ræðir í sínum vörslum. Bílskúrin að [...] hefði verið á hans ábyrgð en hann ætti þó ekki þessi efni. Hann hefði þurft húsnæði undir búslóð og dót sem hann ætti. C1, kunningi hans, hefði tekið skúrin á leigu fyrir hann þar sem honum væri alltaf hafnað, en hann væri raunverulegur leigutaki. Hann hefði haft þennan bílskúr til umráða og það hefði komið maður til hans og spurt hvort hann vissi um geymsluhúsnæði. Hann hefði ekki vitað um neitt húsnæði en sagð að hann hefði þennan skúr til umráða sem hægt væri að fá að nota ef þetta væri ekki mikið. Maðurinn hefði fengið lykil og sett nokkra kassa og poka inn í skúrin í kringum sl. áramót. Sjálfur hefði hann ekki verið viðstaddur. Hann hefði ekki vitað hvað væri í kössunum og ekki velt því mikið fyrir sér. Hann hefði farið í skúrin einu sinni eða tvisvar og séð þar kassa og poka. Hann hefði aldrei litið í kassana en gæti hafa fært til einhverja poka. Hann hefði ekki fundin neina lykt. Hann hefði þó grunað að þetta væri eitthvað ólöglegt. Maðurinn hefði boðið honum ágætis upphæð í reiðufé þannig að hann hefði látið glepjast. Hann hefði skipt um lás á bílskúrnum eftir að hann hefði tekið hann á leigu þar sem lásinn hefði verið orðinn lélegur og hann hefði smíðað fimm eða sex lykla. Hann hefði haft aðgang ásamt C1, aðilanum sem hefði komið með kassana og pokana, og frænda hans sem hefði líka átt muni í skúrnum. Þegar hann hefði nefnt tiltekin fíkniefni sem voru á staðnum í skýrslu hjá lögreglu hefði hann

einungis giskað á eitthvað. Lögreglan hefði verið búin að spyrja og gera honum einhverja grein fyrir því að töluvert magn af fíkniefnum hefði fundist. Þegar litið væri til þessara efna sem hefðu fundist væri ljóst að hann hefði aldrei getað fjármagnað þetta.

Varðandi ákærulið II.4 kvaðst ákærði hafa verið með hesta í aðstöðunni í [...]. Þar hefði hann geymt þau fíkniefni sem um ræði. Hassið hefði þó ekki verið í hans eigu. Það hefði komið inn án þess að hann vissi af því með þeim sem hefði haft húsnæðið til umráða á undan honum. Hann gæti ekki sagt frá því hver það væri af virðingu við fjölskyldu hans, en hann væri látinn. Þetta efni væri líklega ónýtt miðað við hvað það hefði verið þarna lengi. Ætlunin hefði verið að reyna að selja þessi fíkniefni en litlu skammtarnir hefðu þó einungis verið neysluskammtar. Hann hefði verið í húsnæðinu í febrúar eða mars að sækja timbur þegar hann hefði tekið eftir hassinu. Hann vissi í raun ekki hvenær þetta hefði komið í húsnæðið en sig grunaði að maðurinn sem hefði haft húsnæðið á undan sér hefði átt það. Hann hefði ekkert þælt í þessu og talið þetta vera eitthvert rusl. Þetta hefði litið út fyrir að vera hass en það hefði verið rykfallið og enginn komið nálægt því lengi. Hann hefði þó ekki kannað það nánar. Kannabisblandaði vökvinn, fjögur stykki MDMA, LSD og amfetamín, hefði ekki verið í sölu og dreifingarskyni. Hann hefði ætlað að gefa kannabisblandaða vökvann krabbameinssjúkri manneskju til að lina kvalir og auka matarlyst. MDMA hefði hann ætlað til eigin neyslu. Hann hefði ætlað sér að selja amfetamínið en hefði ekki þekkt styrkleika þess. Hann hefði ekki verið búinn að selja neitt þegar efnið hefði fundist. Þau þrjú kg af maríjúana sem fundust hefðu verið úr ræktuninni í [...] og hann teldi þau ekki nothæf til sölu. LSD-ið hefði hann ætlað til eigin nota.

Spurður um bifreiðina D kvaðst hann hafa haft hana að láni frá E, gömlum félagi sínum. Hann hefði upphaflega ætlaði sér að kaupa hana en hefði ekki verið búinn að greiða neitt. Hann ætti sjálfur enga bifreið. Hann hefði vantað bifreið með krók til að draga hesta. Hann hefði alltaf verið að draga að greiða fyrir bifreiðina þar sem hann hefði vantað peninga. [...] hans hefði verið skráð umráðamaður bifreiðarinnar til þess að hægt væri að tryggja hana. Þegar hann hefði fengið bifreiðina afhenta hefði staðið til að hann keypti hana. Ekki hefði verið gerður kaupsamningur en hann hefði alltaf verið á leiðinni að borga. Enginn annar hefði notað bifreiðina þessa mánuði sem hann hefði haft hana til umráða. Hann hefði m.a. notað hana til þess að flytja búnað fyrir ræktunina á [...] en hann hefði ekki notað hana til að flytja fíkniefni þaðan. Þá hefði hann notað aðra bifreið sem hann gæti þó ekki upplýst hver væri. Hann hefði greitt bifreiðagjöld og tryggingar af bifreiðinni að kröfu E. Þetta hefði verið svipað og hann hefði haft bifreiðina á kaupleigu. Hann hefði ekki verið með fíkniefni í bílnum utan kannabisvökvans sem hann hefði ætlað krabbameinssjúklingi. E hefði rukkað hann fyrir bílinn. Hann og fyrirtækið hans ættu engan þátt í fíkniefnaframleiðslu.

Ákærði *Geir Elí* kvaðst hafa komið seinna en meðákærðu, Ólafur Ágúst, Halldór Margeir og Guðjón, að kannabísræktuninni, eða fyrir um ári. Meðákærði Ólafur Ágúst hefði beðið hann um að taka að sér það hlutverk að fylgjast með plöntunum. Sér hefði verið sýnd ræktunin og gefnar þær upplýsingar að þar hefði allt verið búið að klikka. Sitt hlutverk hefði verið að fylgjast með plöntunum, leysa vandamál við ræktunina og gefa upplýsingar um hvaða næringu ætti að nota. Hann hefði haft þekkingu á ræktun eftir að hafa lesið sér til um hana. Hann kvaðst einungis hafa vitað af efnunum úr ræktuninni sem hefðu verið í þrettán fötum. Það hefðu einnig verið þarna tvær fötur í öðru rými sem hann þekkti ekki og það sama gildi um laufblöð sem voru í hillum. Ekki væri útilokað að einhver hefði fært föturnar í annað rými en hann taldi það þó ólíklegt. Þetta hefði verið uppskera ræktunarinnar en aðrar uppskerur hefðu orðið ónýtar eftir að hann hefði komið að þessu. Hann vissi þó ekki fyllilega hvað hefði gerst áður en hann kom að ræktuninni. Efnin hefðu ekki verið vigtuð en hann hefði reiknað með að þetta gætu verið átta til tíu kg, sem væri í samræmi við það sem var í fötunum þrettán. Hann hefði farið oft á staðinn til að fylgjast með og hefði stundum verið látinn vita ef þurfti að huga að einhverju sérstöku. Meðákærði Ólafur Ágúst hefði alltaf verið sá sem lét hann vita. Hann hefði hitt meðákærða Guðjón á staðnum og þeir hefðu farið saman í ræktunina. Honum hefði verið lofað 20% hlut en það hefði ekki skilað sér. Hann hefði fengið 500.000 krónur en engin fíkniefni. Hann vissi ekki hver hlutur hinna hefði átt að vera en minnti þó að ákærði Guðjón hefði átt að fá það sama og hann. Rætt hefði verið um að stækka ræktunina og auka framleiðsluna þar sem meira rými væri á [...] en þetta hefðu verið draumórar. Hann hefði ekki áttað sig á því hvert hlutverk annarra hefði verið og fundist eins og meðákærði Ólafur Ágúst ætti ræktunina. Þeir hefðu þó allir fjórir verið í því að klippa niður plönturnar. Þeir hefðu hist þar allir saman í tvö til þrjú skipti. Venjulega hefði hann einungis hitt meðákærða Guðjón og stundum meðákærða Ólaf Ágúst. Hann hefði ekki fjármagnað þetta eða sett upp.

Vitnið *F* kvað gögnin úr EncroChat hafa borist ríkislögreglustjóra um mitt sumar 2020. Gögnin hefðu borist í þrennu lagi, tvær sendingar hefðu komið í júlí og ein í október. Þau hefðu verið sett inn á lokað svæði lögreglunnar sem væri aðgangsstýrt. Einungis þeir sem hefðu unnið að rannsókn málsins hefðu haft aðgang, en það hefðu verið 8–10 manns. Hann vissi til þess að ákveðið kerfi væri einnig við meðferð gagnanna hjá Europol en þekkti ekki hvernig það væri. Eftir að gögnin hefðu borist hefði strax hafist vinna við að greina þau og vinnuhópur verið kallaður saman til að vinna með þau. Fleiri mál hefðu einnig komið út úr þessu og þau væru enn til skoðunar.

Vitnið *FI* greindi frá rannsókn á gögnum úr EncroChat. Þau hefðu borist til lögreglu með upplýsingum um að þar væri að finna samskipti íslenskra aðila á íslensku.

Gögnin væru í formi excel-skjals sem hægt væri að „filtera“ út. Öll samskiptin væri að finna í gögnum málsins en þau hefðu komið í nokkrum skömmtum. Hluti þeirra gagna sem hefðu borist varðaði önnur mál sem væru enn til rannsóknar. Í þeim hluta sem varðaði saltdreifarann hefðu verið skoðuð samskipti Nuclearfork og Residentkiller auk Neptun og Beigepanda. Sá hluti samskiptanna sem hefði verið á hebresku hefði verið settur í þýðingarvél Interpol þannig að lögregla hefði náð að átta sig á innihaldinu.

Samskiptin hefðu snúist um innflutning á vinnuvél sem í væru fíkniefni. Einhverjir menn hefðu átt að koma til landsins en vegna Covid hefði ekki orðið af því. Þar af leiðandi hefðu leiðbeiningar þurft að fara í gegnum EncroChat. Talið væri að Neptun og Beigepanda væru Ísraelar. Notandinn Residentkiller hefði verið á Íslandi. Spurð um samskipti Nuclearfork og Residentkiller um að sá síðarnefndi ætti að hitta einhvern á kaffihúsi kvað hún að lesa mætti úr skilaboðunum að ekki væri um þann fyrrnefnda að ræða heldur hefði sá síðarnefndi átt að hitta annan mann.

Til þess að nota forritið EncroChat þyrfti að breyta síma fyrir það. Símarir sjálfir hefðu ekki fundist en talið væri að menn hefðu losað sig við það, eins og fyrirtækið hefði mælt með þegar kerfinu var lokað.

Grunur hefði beinst að ákærða Halldóri Margeiri vegna ábendingar um að hann væri að taka á móti miklu magni fíkniefna utan við bæinn. Lykilorð hans og staðsetningar símtækja hefðu aukið gruninn. Þá hefðu ýmsar tengingar verið við ákærða Guðlaug Agnar, m.a. hefði símanúmer bróður hans verið að finna í minnispunktum Nuclearfork á EncroChat.

Ýmsum aðferðum hefði verið beitt við rannsóknina, m.a. hefði verið notuð hlustun og eftirfararbúnaður. Lögregla hefði komist að því að greitt hefði verið fyrir saltdreifarann í Hollandi með reiðufé. Lögreglan þar í landi hefði rætt við H og I en ekki hefðu enn borist gögn vegna þess. Þá hefði sala á drullutjökkum verið rannsökuð. Lögreglan hefði talið ákærða Halldór Margeir hafa staðið á bak við það en greiðsla hefði farið fram með reiðufé. Ákærði væri ekki skráður fyrir persónulegum bankareikningum. Mikil óreiða hefði verið á fjármunum hans og ekki hefði verið hægt að láta fara fram hefðbundna greiningu á þeim.

Lögregla teldi að minnispunktar sem fundist hefðu hjá notandanum Neptun á EncroChat sýndu hvernig eignarhlut að fíkniefnunum hefði verið háttáð. Þar kæmi fram að Lui væri skráður fyrir 40% hlut ásamt Coroa, en talið væri að með Lui væri vísað til ákærða Guðlaugs Agnars.

Vitnið *GI* greindi frá aðkomu sinni að málinu og vinnu við ýmsar skýrslur málsins. Hann lýsti því að það sem hefði fyrst vakið grunsemdir um að ákærði Guðlaugur Agnar væri notandinn Nuclearfork á EncroChat hefði verið að hann hefði verið kallaður Blondie. Ákærði væri þekktur hjá lögreglu sem Ljósi eða Ljóshærði, væntanlega vegna

ljóss yfirbragðs. Þegar gögnin hefðu verið skoðuð nánar hefði fleira komið í ljós, eins og [...] sem væri í símaskránni hans, J, og númer hans í skrá Nuclearfork yfir tengiliði undir nafninu J. J hefði notað þetta númer sjálfur fyrir flugbókun, ásamt móður þeirra bræðra.

Notandanöfnin Deepsea og Deepcargo hefðu einnig komið upp í tengslum við önnur mál sem hefðu verið til rannsóknar. Sjá mætti á bókhaldi í málinu að millifærðar hefðu verið 300.000 krónur þann 23. júlí 2019 inn á aðila sem kallaði sig Deepsea. Þann sama dag hefðu verið lagðar 300.000 krónur inn á ákærða Guðlaug Agnar frá einstaklingi sem hefði verið sakborningur í öðru máli. Þá hefði fundist mynd af greiðslukorti merktu ákærða Guðlaugi Agnari í síma sakborningsins. Myndin hefði verið vistuð í símanum skömmu eftir að hún var tekin á síma ákærða. Þess vegna tengdi lögregla ákærða Guðlaug Agnar við notandanafnið Deepsea. Þá sæist það á símanúmerinu sem notað væri fyrir þetta notandanafn og fleiri notandanöfn sem byrjuðu á Deep. Sama númer hefði einnig fundist hjá notandanum Neptun í EncroChat. Neptun hefði kallað þann mann Blondie.

Vitnið greindi frá aðgöngum í tölvu ákærða Guðlaugs Agnars. Það væru tveir reikningar. Vísbending um lykilorð á annan reikninginn væri „Abbydead“ eða Abby dauð og inn á hinn „kisi1“. Nuclearfork hefði verið með lykilorð inn á minnispunkta sína sem hefðu líka innihaldið Abbydead. Þessi lykilorð hefðu verið svipuð þeim sem ákærði var með inn á símana sína.

Í samskiptum Nuclearfork á EncroChat kæmi fram við a.m.k. þrjá aðila að hann æfði brasilískt jiu jitsu. Hann hefði lýst því í samtali 31. mars 2020 að hann hefði útbúið bardagahöll heima hjá sér, æfði tvisvar til þrisvar á dag og væri að komast í svakalegt form. Í síma ákærða Guðlaugs Agnars hefðu fundist myndir, a.m.k. tíu talsins, sem teknar hefðu verið þennan sama dag af rými sem líktist eldhúsi og stofu, þar sem búið hefði verið að setja dýnur á gólfíð og nokkrir menn verið að slást á gólfinu. Ekki hefði þó verið hægt að sjá myndirnar á EncroChat en myndir væru lengi að hlaðast þar inn. Þá hefðu þeir fundið upplýsingar um að ákærði Guðlaugur Agnar væri að stunda þessa íþrótt og keppa undir nafninu Luigo Premium Guðmundsson.

Í tengiliðaskrá Nuclearfork á EncroChat kæmu fram nokkur símanúmer sem tengdust ákærða Guðlaugi Agnari, til að mynda A, K, og J, auk margra annarra tengiliða sem hefði verið að finna hjá báðum aðilum. Þá hefði þarna verið tengiliðurinn Doom gamli með símanúmer sem kennitala ákærða Halldórs Margeirs hefði greitt fyrir. Í samskiptum Nuclearfork við Residentkiller í maí 2020 hefði komið fram að hann væri í Taílandi en ætlaði að ferðast um Evrópu í júlí. Það væri í samræmi við ferðir ákærða Guðlaugs Agnars á þessum tíma.

Ákærði Guðlaugur Agnar hefði verið með nokkra síma við handtöku. Hann hefði ekki gefið heimild til að afrita þá og neitað að láta lykilorð þeirra í té. Það hefði því tekið nokkurn tíma að komast inn í símana. Tveir þeirra hefðu verið sendir til útlanda. Tekist

hefði að opna annan þeirra en hinn væri enn þá erlendis þar sem verið væri að reyna að komast inn í hann. Í síma ákærði hefði sést að hann hefði leitað að notuðum saltdreifara af sömu gerð og saltdreifarinn í þessu máli í maí sl., áður en lögregla hefði handtekið ákærðu og lagt hald á saltdreifarann. Í síma ákærða hefði einnig fundist mynd af samtali þar sem verið væri að velta fyrir sér möguleikum varðandi landbúnaðartæki. Samtalið hefði einnig fundist í síma ákærða Halldórs Margeirs.

Heitið Nokko hefði nokkrum sinnum komið upp í samtölum Nuclearfork. Hann hefði m.a. sagt að Nokko reddaði buttplugs og fingers, en það væri tengt fíkniefnum. Ákærði Guðlaugur Agnar hefði einnig notað þetta heiti í samskiptum við leigusala sinn í Hollandi þar sem hann talaði um hann sem vin sinn. Ekki væri vitað um hvern væri að ræða.

Notandinn Neptun á EncroChat hefði verið í samskiptum við Nuclearfork en ekki virst tala við neinn annan á Íslandi. Hann hefði mikið verið að ræða um fíkniefni og peninga. Hann væri talinn vera ísraelskur Hollendingur en ekki væri vitað með vissu hver hann væri.

Farið hefði verið yfir allar myndir í EncroChat sem tengdust saltdreifaranum, en sérstaklega hefði þurft að raða þeim inn. Komið hefði í ljós að notandi sem kallaði sig Pitcairn hefði verið inni í skemmuni á [...] og tekið myndir af saltdreifaranum og stálbitunum inni í honum. Ekki væri vitað hver þetta væri, en hann hefði sent myndir á Nuclearfork sem hefði síðan sent myndirnar áfram til Neptun en hann sent þær til Beigepanda. Talið væri að Pitcairn hefði sent myndirnar á Wickr. Komið hefði í ljós að ákærði Halldór Margeir hefði verið með notandann Pitcairn á Wickr.

Vitnið kvaðst hafa farið á [...] til að skoða saltdreifarann. Þeir hefðu getað séð að um sama tæki væri að ræða. Það hefði t.d. verið búið að skera göt á hann þar sem hann var talinn leka. Lögreglan hefði sannreynt þetta og raunin hefði verið sú að saltdreifarinn hefði lekið.

Af samskiptum Nuclearfork og Residentkiller hefði verið skýrt að fleiri aðilar kæmu að innflutningnum. Nuclearfork hefði til að mynda sagt við Residentkiller að „hann“ vildi að þeir útveguðu fötur og prik.

Vitnið *F4*, starfsmaður lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, kvaðst hafa komið að rannsókninni í september 2021 og verið í vinnuhóp um málið. Hann skýrði frá greiningu sinni á notandanum Residentkiller í EncroChat. Lögreglu hefðu upphaflega borist upplýsingar um að hópur í kringum ákærða Halldór Margeir væri stórtækur í innflutningi og framleiðslu fíkniefna. Fram hefði komið í upplýsingunum að efnin væru í málningarfötum og framleiðslan væri fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Efnin væru komin í dreifingu.

Skömmu síðar hefðu borist gögn frá Europol af samskiptamiðlinum EncroChat með notandanöfnunum Residentkiller og Nuclearfork. Gögnin hefðu borist starfsmanni greiningardeildar en hann hefði fengið aðgang að þeim inni á lokuðu svæði í lögreglukerfinu þegar hann hefði tekið sæti í vinnuhópnum. Það fyrsta sem lögregla hefði rekið augun í væri að notandinn Residentkiller væri með lykilorðið 221122hmo inn á farsímamann samkvæmt upplýsingum úr kerfinu. Þegar þeir hefðu skoðað staðsetningarpunkta hefðu um 200 punktar verið í kringum dvalarstað ákærða í miðbænum. Á sama tíma hefði Nuclearfork spurt Residentkiller hvenær hann sæi fyrir sér að opna „staðinn“. Lögreglu hefði þá verið kunnugt um að ákærði Halldór Margeir hefði ætlað að fara að opna veitingastaðinn Tiki Taka. Nuclearfork hefði síðan sagt að maður væri að koma að hitta Residentkiller við Bío Paradís en það væri við hliðina á heimili ákærða Halldórs Margeirs.

Símagögn ákærða Halldórs Margeirs hefðu síðan verið skoðuð og sést að hann tengdist bónda á [...]. Lögregla hefði farið þangað í eftirlitsferð og séð að skemmu þar svipaði til mynda úr EncroChat og þar hefði saltdreifarinn fundist. Í gögnunum hefðu legið fyrir myndir af saltdreifaranum úr EncroChat-samskiptunum og því hefði verið hægt að staðfesta að þetta væri sá sami. Aflað hefði verið upplýsinga um saltdreifarann og komist að því að innflytjandinn væri maður að nafni H frá Hollandi. [...] hefðu upphaflega verið skráð fyrir innflutningnum en svo hefði [...] komið inn í það eftir að saltdreifarinn kom til landsins.

Í samskiptum Nuclearfork og Residentkiller hefði komið fram listi yfir hluti sem þyrfti að kaupa til að framleiða fíkniefni úr basanum í saltdreifaranum. Lögregla hefði komist að því að hluti af þessu hefði verið keyptur í [...] á svipuðum tíma. Ljósmyndir frá versluninni 15. apríl 2020 sýndu hvar ákærði Halldór Margeir hefði keypt fimm og tíu lítra málningarfötur, málningarprik, hanska, nokkrar stálskurðarskífur og spýtu eins og nefnt hefði verið í EncroChat, en Nuclearfork hefði fengið þær upplýsingar í samskiptum við Neptun og hann hefði fengið þær frá Beigepanda. Ákærði hefði farið margar ferðir í [...] og keypti ýmsa hluti, væntanlega líka tengda veitingastaðnum, en í þetta skipti hefði hann greitt með reiðufé þótt hann hefði skráð þetta á fyrirtækið [...]. Staðsetningar í síma ákærða Halldórs Margeirs hefðu verið bornar saman við tengingar Residentkiller. Þann 11. apríl 2020 hefðu símarnir verið á svipuðum tíma á [...]. Sími Residentkiller hefði aldrei greinst austar en það. Á þessum tíma hefði ákærði Halldór Margeir verið í nær daglegum símasamskiptum við ákærða Guðjón. Þegar horft hefði verið á öll gögnin hefðu þau verið talin benda til þess að ákærði Halldór Margeir væri notandinn Residentkiller.

Vitnið greindi frá minnispunktum sínum um gælunafnið Doom. Ástæður þess að það hefði verið tengt við ákærða Halldór Margeir væru þær að það hefði lengi verið skilningur lögreglu að hann væri kallaður Dóri Doom. Þá hefði lögregla fundið Doom

gamla skráðan í símaskrá einstaklings í Signal en við það væri símanúmer sem hefði reynst vera óskráð frelsisnúmer. Komið hefði í ljós að kennitala ákærða hefði verið skráð fyrir áfyllingu á inneign þessa númers. Þetta nafn kæmi fyrir í „notes“ hjá Nuclearfork á EncroChat. Þar hefði hann verið með lista yfir skiptingu fjármuna með dagsetningum og þar stæði Doom og einhver ákveðin upphæð, „skipt á klakanum“.

Í símasamskiptum ákærða Halldórs Margeirs kæmi fram að hann væri í samskiptum við menn að nafni L1, L2 og L3. Samskiptin snerust öll um fíkniefnaviðskipti og greiðslur vegna þeirra. Vitnið skýrði nánar frá skýrslu um samskipti ákærðu Halldórs Margeirs og Guðjóns þar sem ákærði Guðjón hefði talað um horaðan hest. Ákærði Guðjón hefði skýrt þetta svo að þeir hefðu notað hestatal um kannabisræktunina. Hann hefði t.d. talað um að snyrta hófana og slíkt til þess að fá aðstoð við ræktunina. Hann hefði lýst því að hann hefði notað „horaðan hest“ yfir saltdreifarann.

Vitnið F2 greindi frá rannsókn á innflutningi á saltdreifarannum. Fengnar hefðu verið upplýsingar úr tolli og komið hefði í ljós að skipt hefði verið um innflytjanda á miðri leið. Svo virtist sem notuð hefðu verið sambönd við H en félagið [...]. hefði verið skráð þegar tækið var tollað út. H hefði greint frá því að hann hefði selt erlendum aðila á Íslandi saltdreifarann en þar sem hann hefði ekki kennitölu hefði hann þurft að fá einhvern annan til að taka á móti honum. Reynt hefði verið að hafa uppi á L4 sem hefði átt að vera erlendi aðilinn. Það hefði ekki tekist. Rannsakað hefði verið hvort aðrir sem tengdust innflutningnum hefðu getað tengst málinu en svo hefði ekki verið talið. Við rannsókn á saltdreifarannum hefði komið í ljós að hvor biti í honum rúmaði 33 lítra.

Vitnið greindi frá skoðun á síma ákærði Halldórs Margeirs sem hefði nýlega verið tekinn í notkun. Í honum hefði einungis verið að finna dulkóðaða samskiptaforritið Signal. Í orðabók notanda símans, sem síminn geymdi til að flýta fyrir innslætti orða, hefðu fundist orð eins og landbúnaðartæki og ef þau væru sett í röð sæjust setningar um það. Þetta virtist hafa verið slegið inn í Signal þar sem ákærði hefði átt samskipti við notandann Chopper. Þegar þetta hefði fundist hefði verið ekki verið vitað hver það væri, en í ljós hefði komið, þegar hægt hefði verið að opna síma í eigu ákærða Guðlaugs Agnars, að hann notaði það heiti á Signal.

Ákærði Halldór Margeir hefði verið með 19 tengiliði úr Wickr í símanum sínum. Skilaboðin þar eyddust hins vegar og hann hefði ekki viljað kannast við að hafa notað það forrit. Þar væri m.a. að finna tengiliðinn Mofugl en Nuclearfork og Residentkiller hefðu einmitt rætt um hann á EncroChat. Þá væri ákærði með tengiliðinn Pitcairn sem hefði tekið myndir af saltdreifarannum. Ákærði væri einnig með símanúmer ákærða Guðlaugs Agnars undir heitinu Laugi.

Vitnið greindi frá rannsókn á ýmsum fleiri atriðum, svo sem fjármálum ákærða Halldórs Margeirs. Komið hefði í ljós að hann hefði ekki átt bankareikning. Þá hefði

verið leitað eftir auglýsingu um saltdreifara í Bændablaðinu en slík auglýsing hefði ekki fundist.

Vitnið *F3*, starfsmaður lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, kvaðst hafa verið daglegur stjórnandi rannsóknarinnar á málinu í ákærulið I.1, hafa séð til þess að verkefnið fengi framgang og útdeilt verkefnum. Hann kvaðst hafa skoðað nánar kaup á drullutjökkum. Grunur hefði verið um að ákærði Halldór Margeir hefði keypt þá en ekki hefði verið hægt að staðfesta það. Tjakkarnir hefðu verið keyptir fyrir reiðufé og starfsmaður verslunarinnar hefði talið kaupin óvenjuleg. Farið hefði verið á [...] og eftirfararbúnaður settur á saltdreifarann svo hægt væri að fylgjast með ef hann væri færður. Ekki hefði verið talið tímabært að haldleggja hann.

Vitnið *F5* greindi frá því að hann hefði starfað við tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og hefði komið að rannsókn á saltdreifarannum. Saltdreifarinn hefði verið tjakkaður upp til að sannreyna þá aðferð sem hefði verið notuð við að ná fíkniefnum úr honum samkvæmt fyrirliggjandi samskiptum um hann eins og þau hefðu verið skýrð fyrir starfsmönnum tæknideildar. Þau hefðu séð hvar efnin hefðu átt að vera með því að taka fæturna framan af. Þar hefði mátt greina efnaútfellingu og amfetamínlykt. Tekið hefði verið forpróf vegna fíkniefna og það hefði gefið svar sem amfetamín.

Þá staðfesti vitnið efnaskýrslu vegna greiningar á kannabisefnum úr kannabISRæktuninni. Hann hefði ekki komið á vettvang en hefði rannsakað efnin í plastfötunum. Föturnar hefðu verið tæmdar til að vigta efnin. Efnunum hefði verið haldið aðskildum eftir því frá hvorum fundarstaðnum þau hefðu verið. Hann kvaðst aðspurður ekki muna til þess að efnið hefði verið ónýtt en þetta hefði verið malað efni og stundum væri ekki gott að greina hvort það væri eingöngu lauf eða blómhlutar eða skunkar með.

Vitnið *F6* hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu kvaðst hafa komið að þeim hluta málsins sem snýr að kannabISRæktuninni. Hann kvað lögreglu hafa fengið upplýsingar um að það væri geymdur ræktunarbúnaður í húsi í [...]. Við eftirlit þar hefðu þeir séð hvar kassar voru bornir út í bíl. Um hefði verið að ræða ákærða Ólaf Ágúst sem hefði ekið pallbifreiðinni D. Þeir hefðu þekkt ákærða og ákveðið að fylgja honum eftir. Hann hefði ekið að [...] ásamt ákærða Geir Elí. Fylgst hafi verið með þeim bera búnaðinn inn og þar hefðu þeir verið í nokkra klukkutíma. Þeir hefðu alloft ekið þangað, ýmist á þessum sama bíl eða öðrum. Í kjölfarið hefði verið skoðað hvað væri þarna í gangi og fljótlega hefði verið staðfest að þarna inni væri ræktun. Þeim hefði þá verið kunnugt um að til rannsóknar væri annað mál tengt þessum bæ.

Til að byrja með hefðu þeir einungis orðið varir við ákærðu Ólaf Ágúst, Geir Elí og Guðjón. Rannsóknin hefði staðið í um þrjá mánuði og m.a. hafi verið komið fyrir

hljóðupptökubúnaði. Þá hefðu þeir greint betur hvað væri í gangi og hverjir tengdust þessu. Þeir hefðu séð ákærða Halldór Margeir koma þarna og ræða við ákærða Guðjón án þess að fara inn í ræktunarrýmið. Skömmu síðar hefði hann komið á bæinn og farið að klippa niður plöntur ásamt ákærðu Guðjóni, Geir Elí og Ólafi Ágústi.

Lögglumenn hefðu orðið varir við að ákærði Ólafur Ágúst hefði flutt muni frá [...] og talið að hann hefði a.m.k. í eitt skipti flutt fíkniefni þaðan á bílnum D. Þá hefði hann sést bera út svartan poka sem líklega hefðu verið í hvítar fötur með plöntum úr ræktuninni í. Hann hefði sett pokann við hlið bílsins og pokinn hefði þá staðið upp í loft eins og í honum væru tvær hvítar fötur, sambærilegar þeim sem hefðu fundist í hesthúsinu og stúnni að [...]. Ákærði hefði verið eltur og þá farið í hesthúsið í [...]. Þar hefði lögregla misst sjónar af honum. Við leit hefðu svo fundist pokar með hvítum fötum í, sambærilegum þeim í stúnni á [...].

Greinileg merki hefðu verið við ræktunina um fyrri uppskeru þar sem efni í stúnni hefðu verið eldri. Lögregla hefði einnig fylgst með ákærða Guðjóni brenna plöntuleifar úr fyrri ræktun. Vitnið kvaðst ekki hafa farið inn í ræktunarrýmið sjálfur en af myndunum að dæma hefði hún verið nokkuð umfangsmikil. Ákærði Guðjón hefði haft það hlutverk að fylgjast með ræktuninni. Hann hefði farið þangað inn oft en einu sinni á dag. Ákærði Geir Elí hefði reglulega komið til að kanna stöðuna. Hann hefði klætt sig í hvítan galla og farið inn í ræktunarrýmið. Við hlustun á samtöl þeirra tveggja hefði oft heyrst umræða um að bera hlutina undir ákærða Ólaf Ágúst. Rætt hafi verið um að bæta aðstöðuna og stækka hana. Ákærði Ólafur Ágúst hefði á þeim tíma verið á Tenerife og ákærði Geir Elí sagst ætla að redda þessum búnaði sjálfur af þeim sökum. Í kjölfarið hefði hann komið með einhvern aukabúnað. Allir fjórir ákærðu hefðu haft einhver hlutverk. Ákærði Ólafur Ágúst hefði helst verið sá sem hefði úthlutað verkefnum og greitt útgjöld.

Vitnið kvaðst jafnframt hafa komið að rannsókn á efnum sem fundist hefðu í bílskúr að [...]. Við handtöku ákærða Ólafs Ágúst hefði lögreglu fundist á viðbrögðum hans sem hann hefði eitthvað meira að fela. Farið hefði verið yfir ferðir hans og þá hefði húsnaðið að [...]i komið í ljós. Vitað hefði verið að hann þekkti leigutaka að bílskúrnum. Um það leyti hefði lögreglumaður orðið var við að einhverjir menn væru að sniglast þarna í kring. Þeir hefðu síðan gengið til baka og horfið sjónum bak við Gamla enska barinn. Lyklar að bílskúrnum hefðu fundist í bíl ákærða Ólafs Ágúst.

Vitnið *F7* greindi frá aðkomu sinni að rannsókn á kannabisræktuninni. Hann kvað rannsóknina hafa leitt í ljós að fjórir ákærðu hefðu staðið að ræktuninni saman en ákærði Halldór Margeir hefði komið seint inn í rannsóknina. Þegar litið hefði verið til baka yfir rannsóknargögnin hefðu þau hins vegar betur komið heim og saman við vitneskjuna um þátttöku hans. Samskipti ákærðu hefðu farið í nokkurs konar hring. Þegar ákærða Guðjón

hefði vantað aðstoð hefði hann hringt í ákærða Halldór Margeir. Þeir hefðu talað undir rós um að járna eða eitthvað slíkt en svo virtist sem ákærði Halldór Margeir hefði þá haft samband við ákærða Ólaf Ágúst sem hefði sent ákærða Geir Elí á staðinn. Komið hefði í ljós að ákærðu Ólafur Ágúst og Halldór Margeir hefðu verið eigendur og stjórnað þessu en hinir hefðu verið undirmenn þeirra og fengið greitt fyrir vinnu sína. Hefði að bæta eitthvað hefðu þeir þurft að ræða við annan hvorn þeirra. Þá hefði ákærði Ólafur Ágúst séð um greiðslur til þeirra. Miklar bollaleggingar um stækkun á ræktuninni hefðu komið fram í samtölum ákærðu. Þeir hefðu talað um að opna nýtt rými í hlöðunni við hliðina á þurrkrýminu en þar hefði verið stórt tóm rými. Framleiðslan hefði þá átt að u.þ.b. tvöfaldast. Vitnið kvaðst hafa séð alla fjóra ákærðu í þessum ákærulið koma í ræktunina. Hann hefði séð ákærða Ólaf Ágúst koma á bifreiðinni D en ekki orðið var við að hann væri að bera eitthvað inn eða út úr ræktuninni. Ákærði Guðjón hefði greinilega ekki verið aðalmaðurinn í ræktuninni. Hann hefði þurft að fá leiðbeiningar um hvernig ætti að vinna þetta og hefði kallað eftir aðstoðarmanni úr bænum. Þótt hann hefði útvegað húsnæðið hefði hann ekki komið með neinn búnað. Hann hefði vökvað daglega og nært plönturnar.

Vitnið F8 greindi frá aðkomu sinni að málinu varðandi kannabisræktunina. Hann hefði gert skýrslu um hlutverk aðila í ræktuninni sem unnin hefði verið út frá myndbandsupptökum úr ræktuninni, sem hefði náð yfir tvo daga þegar ákærðu hefðu verið að klippa niður plönturnar. Hann hefði talið sig greina að ákærði Halldór Margeir hefði átt frumkvæði að kannabisræktuninni. Hann hefði m.a. sagt öðrum til um hvað ætti að gera. Það hefði ekki verið hljóð á myndbandsupptökunum úr þessu rými. Hann hefði einnig rannsakað nokkra síma í málinu, m.a. síma ákærða Geirs Elís. Þar hefðu fundist samskipti sem bentu til þess að hann væri í sölu og dreifingu fíkniefna og hægt væri að sjá að leitað væri ráða hjá honum varðandi kannabisframleiðslu.

Vitnið F9 greindi frá aðkomu sinni að málinu varðandi kannabisræktun að [...]. Hann hefði tekið þátt í eftirliti með ferðum ákærðu. Eftirlit hefði verið með staðnum alla daga frá febrúar og fram í maí. Ákærði Ólafur Ágúst hefði komið á bifreiðinni D sem væri Ford-pallbíll. Hann hefði stundum komið með búnað, fötur, poka, töskur, vinnugalla, vinnuhanska og verkfæri. Hann hefði einnig komið með timbur, sem lögregla teldi að hann hefði notað til þess að setja upp þurrkaðstöðu, og gaskúta sem hann hefði notað í ræktunina. Það hefði líka komið fyrir að hann hefði tekið með sér einhverja poka og í einhverjum tilfellum hefði sést móta fyrir fötum í pokunum. Slíkar fötur hefðu fundist í húsnæðinu og þar hefðu verið fíkniefni. Um miðjan maímánuð hefði hann séð alla þá fjóra sem hefðu staðið að ræktuninni koma þangað saman. Annars hefðu þeir mest komið hver í sínu lagi. Ákærði Guðjón hefði alltaf komið í ræktunina þegar einhver hinna ákærðu hefði mætt.

Vitnið *F10* greindi frá fingrafararannsókn á tveimur brúsum sem voru haldlagðir að [...]. Tekin hefðu verið sýni og gert forpróf fyrir efnagreiningu á því sem hefði mögulega verið í brúsunum. Síðan hefði verið leitað fingrafara á brúsunum en engin fundist. Vitnið kvaðst hafa komið að [...]. Þar hefðu verið fíkniefni í fötum í tveimur rýmum, annars vegar þrettán og hins vegar tvær fötur. Hann hefði skoðað innihaldið í fötunum tveimur sem hefðu verið í hestastúnni. Það hefði verið gras eða ætlað kannabis. Fötunarn þrettán hefðu ekki verið opnaðar á staðnum.

Vitnið *G* greindi frá skýrslu sinni vegna bílskúrsins í [...]. Hann hefði orðið var við grunsamlegar mannaferðir við Sléttahraun þar sem tveir ókunnugir menn hefðu verið á ferð og síðan gengið í átt að [...], daginn eftir handtöku ákærða Ólafs Ágúst. Hann hefði ekki séð hvort þeir hefðu farið í bílskúrinn en teldi það ólíklegt tímans vegna. Annar maðurinn hefði gengið áfram að [...] en ekki farið þar inn. Hinn hefði orðið eftir að [...]. Kannað hefði verið hvort mennirnir hefðu verið í samskiptum við leigutakann en ekkert hefði komið út úr því. Ekki hefði tekist að greina um hverja hefði verið að ræða þrátt fyrir að rætt hefði verið við íbúa í nærliggjandi húsum. Lögregla hefði haft eftirfararbúnað á bifreið ákærða og séð að hann hefði farið þangað en vitnið mundi ekki hversu oft. Síðan hefði komið í ljós að sá sem hafði bílskúrinn á leigu sækti mikið barinn Gamla enska sem ákærði reki. Farið hefði verið heim til mannsins og rætt við hann og í framhaldinu farið í bílskúrinn.

Vitnið *G2*, greiningarsérfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, greindi frá rannsókn sinni á símagögnum, einkum staðsetningargögnum vegna notandans Residentkiller á EncroChat og síma ákærða Halldórs Margeirs. Hann hefði farið yfir allt tímabilið úr EncroChat og borið saman við símaupplýsingarnar á sama tímabili, sem hefði náð yfir tvo til þrjá mánuði. Um 70% notkunarinnar hefðu verið um miðjan apríl. Hann hefði fengið gagnaskrá úr EncroChat ásamt gagnaútskrift frá Nova, vegna annars vegar símtala og sms-sendinga og hins vegar netnotkunar. Gögnin úr EncroChat hefðu komið með staðsetningarupplýsingum á farsímasendum á Íslandi. Hann hefði síðan lesið í gegnum forrit sem hreinsi símagögnin og keyri þau saman við staðsetningar á símamöstrum. Þessar skrár hefðu verið keyrðar saman í forriti sem væri sérhæft í greiningu á staðsetningu á farsímagögnum til þess að bera saman staðsetningar úr þessum þremur skjölum. Það hefðu ekki verið margar staðsetningar í EncroChat-gögnum, en milli 300 og 500 punktar þar sem notkunin kom inn á sendi. Mikið af notkuninni hefði komið inn á senda sem hefðu verið í kringum Hverfisgötu. Það sama hefði átt við um farsímagögnin. Þá hefði verið ein ferð austur fyrir fjall þar sem staðsetningar úr báðum gögnunum hefðu komið inn. Þegar talað væri um svipaðan tíma í tengingum símanna

byggðist það á greiningu sem tæki saman 15 mínútur og 1000 metra radíus og ef það væri notkun á þeim númerum sem verið væri að keyra saman á þessum tíma passaði það saman. Það væri það sem átt væri við með að þetta væri á svipuðum tíma og svipuðum stað. Báðir símarnir kæmu inn á þessu 15 mínútna tímabili. Þar sem ekki væri hægt að fullyrða að þetta væri á nákvæmlega sama tíma og nákvæmlega sama stað væri þetta orðað þannig að þetta væri svipaður tími og svipaður staður. Vitnið kvaðst hafa unnið óformlegt vinnuskjal upp úr þessum gögnum fyrir rannsóknarlögreglumennina til þess að vinna síðan upp úr frekari gögn.

Vitnið *G3* sérfræðingur hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, greindi frá rannsókn á marijúana sem fannst í plastfötum að [...]. Hún taldi að allt efnið sem þar fannst hefði verið svipað og ekki að sjá neinn mun á því, hvort sem það hefði verið úr fötunum þrettán, hinum tveimur fötunum eða þremur pokum. Hún taldi að ekkert af efninu hefði verið myglað eða ónýtt en hefði svo verið hefði það komið fram í skýrslunni. Efnið hefði ekki verið styrkleikagreint. Ekki væri hægt að fullyrða um hversu mikið af efninu gæti verið skunkar þar sem efnið hefði verið þurr og vel mulið og því ekki hægt að sjá það. Þegar efnið væri svo þurr dofnaði lyktin af því.

Spurð um hass sem fannst í hesthúsinu kvað hún ekkert óvenjulegt hafa verið við efnið en hefði svo verið hefði það komið fram í efnaskýrslunni. Hluti af efninu hefði verið sendur til nánari greiningar.

Vitnið *G4*, sérfræðingur við tæknideild Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, greindi frá því að enn hefðu ekki borist niðurstöður vegna sýna sem hefðu verið send til DNA-rannsóknar. Hann hefði fengið þau svör við eftirgrennslan að niðurstaðna væri að vænta eftir nokkrar vikur.

Vitnið *G5*, starfsmaður Nationellt Forensiskt Centrum í Svíþjóð, greindi frá rannsókn sinni á amfetamíni vegna ákæruliðar I.1 Um hefði verið að ræða amfetamínþúður og amfetamínolíu sem borið hefði verið saman til að athuga hvort það kæmi úr sömu framleiðslulotu. Niðurstöðurnar hefðu ýmist fengið matið +1 eða +2. Merking þessa væri sú að þegar efnið fengi +2 væri það hundrað sinnum líklegra en ekki, en ef niðurstaðan væri +1 væri það sex sinnum líklegra. Þúðrið og amfetamínolían hefði einnig verið borið saman en niðurstaðan hefði verið neikvæð.

Vitnið *L*, verkefnastjóri í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, greindi frá matsgerðum vegna fíkniefnanna í málinu. Hann staðfesti rannsókn á 11 pinnum, þar sem leifar amfetamíns og kókaíns greindust á öllum pinnunum. Vitnið kvað styrkleika kannabisefnanna úr ræktuninni vera 3,1 milligrömm og upp í 9 milligrömm. Alltaf væri

miðað við þurr sýni. Hann teldi að 5 til 10 milligrömm ættu að duga til að koma fólki í vímu. Kannabíplöntur á sama blómgunarstigi sem hefðu komið inn sl. ár hefðu innihaldið á bilinu 3,4 milligrömm til 30 milligrömm. Meðaltalið þar væri 14. Þar sem miðað væri við þurr sýni væru tölurnar hérna 10, 22 og 9,9 þannig að þetta væri svipað þessu meðaltali og ósköp eðlilegt miðað við plöntu sem ekki væri farin að blómstra. Gildi THC í sýninu væri mjög mismunandi eftir því hversu lengi plantan hefði verið í ræktun. Ljósstyrkurur á plöntuna hefði einnig áhrif þannig að planta sem væri fyrir neðan stóra plöntu fengi t.d. lítið ljós á sig og myndaði þá minna THC. Þá hefðu plöntur mismunandi hæfni til að mynda THC. Þannig væri mjög margt sem stjórnaði THC- gildinu.

Varðandi efni sem fundust í bílskúr hefðu verið tekin 38 sýni. Í fimm sýnum hefðu reynst vera MDMA-kristallar með styrk á bilinu 77–80% sem samsvaraði 90 til 95% af MDMA-klóríði. Það væri á pari við það sem reyndist vera í MDMA-kristallasýnum sem kæmu til rannsóknarstofunnar. Í átta sýnum hefðu reynst vera metamfetamín-kristallar að styrk 81% sem samsvaraði 100% metamfetamínklóríði. Styrkurinn á metamfetamíninu sjálfu, þegar það væri ekki bundið klóríði, væri 81%. Ef það væri yfirfært á klóríðið væri það 100%. Þetta væru sýni með háum styrk. Það hefðu verið tvö sýni af MDMA-töflum, annars vegar með styrkinn 69 milligrömm og hins vegar 76 milligrömm. Í þremur sýnum hefðu ekki fundist ólögleg ávana- og fíkniefni en þar hefði reynst vera laktósi. Fjögur sýni hefðu innihaldið kokaín á bilinu 59–83%. Annað sýni hefði verið neikvætt fyrir ólöglegum ávana- og fíkniefnum, en það hefði innihaldið koffein. Svo hefðu verið tvö amfetamínudftsýni sem hefðu reynst vera með 45 og 51% styrkleika. Þá hefðu verið fimm MDMA-vökvasýni með styrk 83–87% og átta sýni af amfetamínvökva með styrkinn 60–62%.

Hann hefði verið beðinn um að reikna hversu mikið magn mætti framleiða í neyslustyrkleika. Þá þyrfti að gefa sér forsendur um neyslustyrkleika. Notaðar hefðu verið tölur frá Danmörku en þar hefði meðaltalið verið 14% árið 2020. Þetta væru tæpir 42 lítrar af vökva og þeir gætu gefið tæplega 172 kíló af efni sem væri 14% að styrk. Kristallarnir væru iðulega sterkir og hann reiknaði með 78%, sem væri sambærilegt við sýni sem hefðu borist rannsóknarstofunni að undanfögnu. Ef ætti að umbreyta þessum tæplega 21 lítra af vökva með 84% MDMA-basa, miðað við framangreindar forsendur, væri hægt að útbúa rúmlega 24 kíló af efni sem væri 78% að styrk. Reiknað yfir í töflur, miðað við töflur sem hefðu borist á tímabilinu 2010 til 2021, þar sem miðgildi væri 96 milligrömm, væru það rúmlega 198.000 stykki sem innihéldu 96 milligrömm og 6,7 kíló af kristöllum myndu duga til þess að útbúa rúmlega 54.000 töflur.

Brúnir köggjar sem hefðu verið rannsakaðir hefðu verið hass en styrkleiki þess væri mjög lágur og mætti segja að þetta væri lélegt efni. Það bæri það með sér að vera gamalt, líklega nokkurra ára. Yfirleitt væri talað um þriggja stafa tölur í þurru sýni, á bilinu 100 og upp í um 300 milligrömm á gramm.

Vitnið *M*, sem upphaflega var skráður fyrir innflutningi á saltdreifara hingað til lands, kvaðst enga aðkomu hafa átt að innflutningnum. Ástæða þess að nafn hans hefði komið við sögu væri sú að maður að nafni H, vinnuvélasali í Hollandi, sem hann hefði annað slagið átt viðskipti við, hefði hringt í hann fyrir um þremur árum, og beðið um aðstoð þar sem einstaklingur hefði keypt af sér saltdreifara en gæti ekki flutt hann sjálfur til landsins þar sem hann ætti ekki fyrirtæki. Hann hefði svarað því til að hann gæti gert það en hann yrði þá sjálfur að flytja hann inn og selja manninum hann. H hefði svarað því að það væri ekki hægt þar sem maðurinn væri búinn að kaupa hann af honum. Hann hefði þá sagt H að hann gæti þá ekki hjálpað. Eftir það hefði hann ekki heyrt frá H í marga mánuði. Síðan hefði hann hringt og sagt að hann væri enn að brasa í þessu og ætlaði að gera þetta sjálfur á sínu nafni. Hann vantaði hins vegar heimilisfang til að senda saltdreifarann á og bað um að fá að senda hann til vitnisins en kaupandinn myndi sækja hann þangað. Hann hefði samþykkt það, en hann hefði þá rekið vinnuvélasölu hér á landi. Það næsta sem hann hefði frétt hefði verið þegar tölvupóstur barst frá [...] með komutilkynningu um saltdreifarann eins og hann væri að flytja hann inn. Hann hefði svarað [...] því að hann væri ekki að flytja saltdreifarann inn og hefði engan reikning fyrir honum til þess að hægt væri að tollafgreiða hann. Þeir hefðu svarað því að þeir myndu bakfæra þetta og heyra í sendandanum. Hann hefði svo ekkert frétt meira af þessu máli.

Vitnið kvaðst hafa kynnst framangreindum H fyrir um 10 árum í gegnum starf sitt. H hefði keypt mikið af vinnuvélum á Íslandi. Hann hefði átt í nokkrum viðskiptum við hann. Þetta tilvik hefði verið óvenjulegt og lagst illa í hann og þess vegna hefði hann sagst ekki geta gert þetta nema hann væri sjálfur að flytja tækið, kaupa það og selja aftur.

Vitnið *N*, starfsmaður [...], kvað *O*, eiganda fyrirtækisins, hafa beðið sig um að tolla vinnuvél. Hann hefði þá sent beiðni um það á [...]. Þetta hefði verið alvanalegt, en þeir flyttu inn margar vélar á mánuði og þetta væri hluti af starfi hans. Hann hefði ekki vitað hver væri eigandi tækisins eða hvar það væri staðsett, og hann hefði ekki fengið neinar frekari upplýsingar um saltdreifarann en reikning sem hann hefði sent áfram á [...].

Vitnið *O*, stjórnarformaður og eigandi [...], kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri og í sölu á þeim tíma sem um ræði. Í janúar eða febrúar 2020 hefði maður að nafni H haft samband við hann. Hann hefði öðru hvoru átt viðskipti við hann síðustu 17 árin, einkum vegna innflutnings notaðra vinnuvéla. H væri í viðskiptum við marga vélasala á Íslandi og væri einkum í því að flytja út vélar og selja um allan heim. H hefði greint honum frá því að hann hefði selt einhverjum útlendingi saltdreifara sem hann hefði sent til Íslands og stæði á bryggjunni. Hann næði ekki í manninn og vildi fá vitnið til að selja hann fyrir sig. Hann hefði sagst geta aðstoðað en svo hefði ekkert heyrst í H í talsverðan

tíma. Þegar H hefði haft samband aftur hefði hann sagst hafa náð í kaupandann en hann væri ekki með íslenskt fyrirtæki eða virðisaukanúmer til að kaupa hann. Hann hefði bent H á að hann þyrfti að vera með það ef hann ætti að geta flutt tækið inn eða selt. Að nokkrum tíma liðnum hefði maður að nafni L4 haft samband við hann með sms-skilaboðum og og sagst vera kominn með íslenskan kaupanda sem væri fyrirtæki. Í millitíðinni hefði H haft samband og sagt að verið væri að græja þetta og beðið um aðstoð. Í mars hefði sér borist tölvupóstur frá íslenska kaupandanum sem hefði heitið [...] og B maðurinn sem hefði verið í forsvari fyrir það. Hann hefði flett fyrirtækinu upp og það hefði verið í rekstri og haft virðisaukanúmer. Gerður hefði verið reikningur sem hann hefði greitt og þar með hefði aðkomu [...] lokið. Hann hefði einungis aðstoðað H fyrir gamlan kunningsskap. Þeir hefðu ekki fengið saltdreifarann til sín heldur hefði hann allan tímann verið hjá [...] í [...].

Vitnið P greindi frá því að ákærði Guðjón hefði leitað til sín vegna innflutnings á tæki. Ákærði væri góður kunningi hans en þeir hefðu kynnst í gegnum hestamennsku. Hann hefði áður reynst sér vel og því hefði hann viljað hjálpa honum. Hann hefði látið hann hafa kennitölu félagsins [...] sem hann hefði átt, en félagið hefði áður heitið [...]. Hann hefði sjálfur ekki notað þetta félag lengi. Hann hefði svo greitt fyrir tækið með peningum sem hann hefði fengið hjá ákærða Guðjóni í gegnum félagið. Ákærði hefði svo verið í vandræðum með að flytja tækið austur. Vitnið hefði þá haft samband við C, féлага sinn, sem ætti vörubíl með krana. C hefði flutt tækið austur fyrir ákærða Guðjón. Hann hefði ekki greitt C fyrir með öðrum hætti en greiða á móti greiða. Hann hefði sjálfur enga peninga fengið vegna þessa, og eingöngu tekið við peningum til að borga fyrir innflutninginn. Hann hefði farið í banka og lagt inn að hann minnti 189.000 krónur. Ákærði Guðjón hefði sagt að hann væri að gera vini sínum L5 greiða með þessu og hann hefði skilið þetta svo að hann stæði á bak við innflutninginn. Hann hefði ekki spurt ákærða nánar út í þetta. Hann kannaðist við þennan L5 sem vin ákærða til margra ára en það eina sem hann vissi um hann væri að hann ætti einhverja hesta. Nánar spurður um þetta kvað hann það rétt sem hann hefði skýrt frá hjá lögreglu að ákærði Guðjón hefði nefnt „vin sinn í Reykjavík“ en hann hefði skilið það svo að hann ætti við L5. Hann vissi einungis um einn annan vin sem ákærði ætti í Reykjavík, en hann hefði aldrei hitt hann.

Vitnið kannaðist við að það hefði komið til umræðu að þeir ákærði Guðjón myndu kaupa saltdreifarann og selja með hagnaði, en hann hefði ekki haft neinn áhuga á því. Hann kannaðist ekki við nafnið L4 eða að hafa átt samskipti við hann en hann hefði einu sinni verið með ákærða Guðjóni á [...] þegar hann hefði hitt einhvern mann sem hann hefði sagst þekkja. Hann taldi að það hefði verið Íslendingur en vissi ekki hvað hefði farið þeim á milli. Hann hefði þó ekki tengt þetta við innflutninginn á tækinu.

Vitnið C greindi frá því að B hefði leitað til hans og beðið hann um að hjálpa sér við að flytja saltdreifara úr [...] í [...] fyrir ákærða Guðjón. P hefði áður liðsinnt honum og hann hefði því gert honum þennan greiða á móti og ekki rukkað neitt fyrir þetta. Hann kannaðist við ákærða Guðjón og hefði hitt hann áður í tvö til þrjú skipti. Hann hefði sótt saltdreifarann niður á höfn í [...]. Menn hefðu átt von á honum, en hann hefði ekki þurft að framvísa neinu. Hann hefði rætt þar við afgreiðslumann og verið leiðbeint að staðnum þar sem saltdreifarinn hefði staðið á opnu svæði nálægt hjólhýsum o.fl. Ákærði hefði tekið á móti honum með saltdreifarann og leiðbeint honum um hvar hann ætti að setja hann. Hann hefði þurft að hafa fyrir því að koma saltdreifaranum fyrir. Það hefði ekki verið auðvelt að setja hann inn í hús en ákærði hefði sótt það stíft að hann gerði það.

Vitnið Q smiður greindi frá vinnu sinni fyrir ákærða Halldór Margeir á veitingastöðum í hans eigu á [...]. Hann taldi að þetta hefði verið fyrir rúmlega tveimur árum og taldi geta passað að það hefði verið í apríl/maí árið 2020. Hann hefði smíðað, fest upp skápa og bar o.fl. Meðal annars hefði hann tekið niður bar á staðnum í [...]. Barinn hefði verið losaður með því að skrúfa hann lausan og nota skurðarskífur. Ýmislegt hefði verið notað við flutningana, m.a. hvítar málningarfötur og kassar. Hann kvaðst ekki hafa komið að vinnu við gólfið en halda að einhvers konar epoxy-efni hefði verið notað á það. Hann kannaðist við að spýtur, málningarfötur og skurðarskífur hefðu verið notaðar. Ákærði hefði keypt ýmislegt sem þá hefði vanhagað um við framkvæmdirnar, en smiðirnir hefðu sjálfir komið með verkfæri, m.a. hefði hann líklega komið sjálfur með stálskurðarskífur.

Vitnið R, fyrrum eigandi [...], greindi frá sölu fyrirtækisins á drullutjökkum. Á reikningi vegna sölunnar kæmi fram að greitt hefði verið með reiðufé. Tímasetning sölunnar kæmi fram í kerfum fyrirtækisins en hún væri 10:51:56. Hann kvað það ekki óeðlilegt að selja fjóra tjakka í einu, en dæmi væru um að fyrirtæki keyptu allmarga tjakka í einu. Sá sem hefði keypt þessa fjóra hefði þó ekki viljað gefa upp kennitölu.

Vitnið S, sem starfaði sem farmskrárfulltrúi hjá [...], kvaðst hafa séð um farmskráningu á saltdreifaranum við komu hans til landsins. Hann hefði skráð sendinguna í flutningskerfið og sett á farmskrá sem síðan hefði verið send til tollstjóra eins og venja væri. Sendandinn hefði verið flutningafyrirtæki í Hollandi sem hefði verið samstarfsaðili [...] en eitthvað hefði verið óljóst varðandi það hver viðtakandinn væri. Hann hefði breyst úr því að vera einstaklingur yfir í fyrirtæki og ekki hefði náðst samband við einhvern mann. Þetta hefði í raun ekki verið óeðlilegt ferli þótt það væri ekki algennt að skipt væri um viðtakanda. Engar viðvörunarþjöllur kviknuðu hjá flutningsaðila við það. Það hefði þó verið undarlegt að ekki næðist í einstakling sem virtist vera að fá vélina.

Hann hefði síðan haft samband við hollenska flutningafyrirtækið og svo vinnuvélaflutningafyrirtæki til að fá staðfestingu á hver væri móttakandinn. Þetta hefði endað með því að eitthvert íslenskt fyrirtæki hefði ákveðið að taka við þessu. Einstaklingurinn sem upphaflega hefði átt að taka við sendingunni hefði aldrei haft samband.

Stjórnarmaður ákærða Úranusar ehf., T, kvað félagið hafa selt bifreiðina D, en þeir hefðu þó ekki gögn í höndunum um það. Hann hefði ekki séð um söluna sjálfur og vissi einungis að bifreiðin hefði verið seld en ekki greidd. Það væri ekki algengt en kæmi fyrir hjá félaginu að fólk fengi bíl afhentan án þess að hafa greitt. Misjafnt væri hvort gerður væri samningur um kaupin.

Vitnið E kvaðst reka félagið Úranus ehf. sem starfaði við bílasölu. Hann kvað félagið hafa flutt inn bifreiðina D sem væri Ford F350 frá Kanada í þeim tilgangi að selja hana áfram. Til hefði staðið að selja bílinn ákærða Ólafi Ágústi og [...]. Hann hefði verið í samskiptum við ákærða vegna þessa og gert við hann munnlegt samkomulag í október á síðasta ári. Ákærði hefði ætlað að greiða með nokkrum greiðslum og hefði fyrsta greiðslan átt að berast eftir u.þ.b. mánuð með millifærslu. Það hefði átt að vera 1.000.000 króna en ekki hefði verið ákveðið nákvæmlega hvernig aðrar greiðslur ættu að berast. Ekkert hefði þó verið greitt. Bifreiðin hefði hins vegar verið afhent um leið og hún hefði verið tilbúin og [...] ákærða hefði verið skráð fyrir tryggingum og bifreiðagjöldum. Þetta hefði endað með því að hann hefði rift viðskiptunum. Hann hefði áður verið farinn að ýja að því að fá bílinn til baka. Ákærði hefði borið því við að hann væri að bíða eftir einhverjum greiðslum til að geta greitt. Bifreiðin hefði allan tímann verið skráð á félagið en [...] ákærða hefði verið skráð umráðamaður hans og greitt bifreiðagjöld og tryggingar. Ganga hefði átt frá eignayfirfærslu þegar kaupverðið hefði verið greitt í heild. Ekki væri algengt að félagið seldi bifreiðir með munnlegu samkomulagi en það kæmi fyrir þegar um væri að ræða fólk sem hann treysti. Yfirleitt færi greiðsla fram í einu lagi í framhaldi af afhendingu og þá væri bíllinn skráður á nýjan eiganda. Hann hefði treyst ákærða Ólafi Ágústi þar sem fyrri viðskipti þeirra hefðu gengið vel auk þess sem þeir væru ágætis kunningjar. Þá væri fyrirtækið tryggt þar sem það væri skráð eigandi þar til greiðsla hefði átt sér stað.

Vitnið U greindi frá því að hún hefði nýlega verið búin að kaupa sér íbúð í [...] sem hefði fylgt bílskúr sem hún hefði ekki haft not fyrir, þegar hún hefði séð auglýst eftir bílskúr í Fjarðarkaupum. Þetta hefði líklega verið árið 2019. Hún hefði rífið snepil af og hugsað að kannski gæti einhver annar notað bílskúrinn. Sá sem hefði verið að leita að skúrnum hefði verið C1. Hann hefði komið að hitta hana ásamt öðrum manni. Hún kvaðst ekki vita hvað hann hétí og myndi ekki þekkja hann í sjón. C1 hefði verið að leigja

bílskúrin fyrir vin sinn en vinurinn hefði verið að skilja og þurft að geyma búslóð. C1 hefði skrifað undir leigusamninginn að manninum viðstöddum, en hún vissi ekki hvers vegna vinurinn hefði ekki leigt bílskúrin sjálfur. Hún hefði spurt hann hvort þeir væru að leigja bílskúrin saman en hann hefði sagt að hann vildi alls ekki skrifa undir. C1 hefði greitt leiguna með reiðufé. Hún hefði ekki séð yfir bílskúrin úr íbúðinni sinni og því ekki orðið vör við umgang um hann. Hún hefði einu sinni farið í skúrin eftir að hún hefði leigt hann út, fyrir um ári, þegar hún hefði fengið að geyma hurð þar inni, en hún hefði ekki orðið vör við neitt sérstakt. Hún hefði farið þar inn að kvöldlagi ásamt C1 og ekki séð neitt nema pappakassa sem hún hefði ekki skoðað í.

Vitnið C1 kvað ákærða Ólaf Ágúst hafa beðið sig um að finna bílskúr undir búslóð fyrir sig. Hann hefði auglýst eftir bílskúr í Fjarðarkaupum og fengið skúr í næstu götu við sig. Þeir ákærði hefðu farið saman að skoða skúrin. Ákærða hefði litist vel á hann en viljað að vitnið yrði skráður fyrir skúrnum „upp á skattinn að gera“. Ákærði hefði skipt um lás og þeir hefðu báðir verið með lykil að skúrnum þannig að hann gæti opnað fyrir eigandanum ef eitthvað kæmi fyrir. Hann vissi ekki hvort aðrir hefðu haft lykil eða farið í skúrin. Hann hefði svo ekki vitað neitt fyrr en lögreglan hefði komið til hans og viljað fá að skoða skúrin eftir handtöku ákærða. Hann hefði ekkert átt í skúrnum og aldrei komið inn í hann. Hann hefði greitt leiguna, 30.000 krónur á mánuði, en fengið að skrifa á sig á Gamla enska barnum á móti. Hann hefði kynnst ákærða þegar hann opnaði barinn og það væru einu tengsl þeirra.

V, [...] ákærða Ólafs Ágúst, og V1, [...] Guðjóns, skorudust undan því að gefa skýrslu í málinu með vísan til 1.mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008. Þá neituðu H og I að gefa skýrslu fyrir dóminum en vitnin voru stödd erlendis.

Niðurstaða

Ákæruliður I.1

Ákærði Halldór Margeir hefur krafist þess að þessum ákærulið verði vísað frá dómi þar sem ákæra hafi verið gefin út áður en málið var fullrannsakað. Í samræmi við 1. mgr. 53. gr., 2. mgr. 57. gr. og 145. gr. laga nr. 88/2008 er það ákærvaldið sem metur hvort rannsóknargögn máls eru nægjanleg til útgáfu ákæru. Ákærvaldið ber hallann af því að sönnunargögn málsins séu ekki nægjanleg og veldur það sýknu ef gögnum málsins er áfátt. Verður frávísunarkröfunni því hafnað.

Ákærðu Guðlaugi Agnari, Guðjóni og Halldóri Margeiri eru í fyrsta hluta ákærunnar gefin að sök stórfelld fíkniefnalagabrot og skipulögð brotastarfsemi. Nánar tiltekið er þeim gefið að sök að hafa í byrjun ársins 2020 staðið saman að innflutningi á saltdreif-

ara, af gerðinni EPOKE SW3000, til landsins, sem í voru faldir 53 lítrar af amfetamínvökva, ásamt tveimur óþekktum erlendum aðilum, móttakið tækið og fíkniefnin og varslað að bænum [...] og í samvinnu við óþekktan íslenskan aðila fjarlæggt amfetamínvökvann úr saltdreifaranum og framleitt allt að 117,5 kg af amfetamíni í sölu- og dreifingarskyni. Er þætti hvers þeirra lýst þannig í ákæru að þeir ákærðu Guðlaugur Agnar og Halldór Margeir hafi sammælt um þátttöku í starfseminni með því að skiptast á skilaboðum í gegnum samskiptaforritið EncroChat þar sem þeir fengu fyrirmæli og leiðbeiningar um hvernig losa ætti amfetamínvökvann úr saltdreifaranum. Ákærði Guðjón hafi svo tekið munnlega eða í gegnum aðrar samskiptaleiðir við sams konar fyrirmælum og leiðbeiningum frá ákærða Halldóri Margeiri og óþekktum íslenskum aðila. Þá hafi þeim öllum verið kunnugt um að fleiri aðilar hafi tekið þátt í starfseminni.

Mál þetta hófst með því að lögreglu bárust gögn frá Europol úr samskiptaforritinu EncroChat. Samkvæmt skýrslu lögreglu var EncroChat evrópskt samskipta- og þjónustukerfi sem bauð upp á að breyta snjallsímum þannig að þeir leyfðu dulkóðuð samskipti milli áskrifenda. Til þess að nýta þjónustu EncroChat þurfti að notast við símtæki sem kallað er „carbon unit“ þar sem GPS, myndavél og hljóðnemar veru gerð óvirk af fyrirtækinu til að tryggja næði og leynd. Kerfið var lagt niður í júní 2020 í kjölfar þess að yfirvöldum tókst að afrita samskipti notenda, að undangengnum úrskurði fransks dómstóls, á nokkurra mánaða tímabili á sama tíma og rannsókn stóð yfir um alla Evrópu á samskiptum ætlaðra glæpahópa. Gögnum sem fengust var dreift til lögreglufirvalda víða um Evrópu, þar á meðal til Íslands.

Í málinu liggja fyrir gögn sem staðfesta heimild til íslenskra yfirvalda til notkunar gagnanna úr EncroChat. Ekkert í málinu bendir til annars en að fyllilega sé hægt að treysta þessum gögnum. Þá gildir sú regla í sakamálaréttarfari að heimilt er að leggja fyrir dóm gögn án tillits til þess með hvaða hætti þeirra hefur verið aflað en dómari metur hverju sinni hvaða sönnunargildi þau hafa.

Í kjölfar þess að lögreglu bárust framangreind gögn var hafin rannsókn sem leiddi í ljós að saltdreifari kom til landsins þann 2. febrúar 2020 og var fluttur frá [...] í [...] þann 25. mars 2020. Saltdreifarinn fannst í útihúsi að bænum [...] í nóvember 2020 en lögregla lagði hald á hann við húsleit 20. maí 2022.

Af framangreindum gögnum úr EncroChat mátti greina skipulagningu innflutnings á miklu magni amfetamínbasa til framleiðslu fíkniefna í saltdreifara. Rannsókn lögreglu staðfesti framangreindan innflutning á saltdreifaranum. Þá var greinilega um sama tæki að ræða og rætt var um í samskiptunum, en myndir úr EncroChat sýndu sama tæki og sama umhverfi. Þá lak tækið á sama stað og fram hafði komið að leki hefði komið upp við það að fíkniefnin voru fjarlægð úr því. Sýni úr tækinu staðfestu jafnframt að þar hefðu verið fíkniefni eins og nánar greinir í skýrslum lögreglu og matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði. Ákærði Guðjón hefur staðfest með framburði

sínum að fíkniefni hefði verið að finna í tækinu. Lýsingar hans samræmast því sem fram kemur í samskiptunum í EncroChat. Mælingar sýndu að það magn amfetamínvökva sem um var rætt komst fyrir í tækinu. Þykir þannig ekki leika vafi á því að atburðarásin hafi verið með þeim hætti sem í ákæru greinir. Þá er mögulegt að framleiða úr þessu það magn sem byggt er á að hafi verið gert og í samræmi við gögn málsins verður byggt á því að það hafi verið allt að 117,5 kg af amfetamíni. Framburður ákærða Guðjóns styður að magnið hafi verið á þeim stærðarkvarða en þegar það var borið undir hann hjá lögreglu kvaðst hann hafa séð á blaði hjá þeim manni sem hafi komið á bæinn að reiknað væri með yfir hundrað kg. Sú breyting á framburði hans fyrir dóminum að um aðrar tölur geti verið að ræða þykir ekki trúverðug.

Lögregla hefur unnið ítarlega greiningu á því hverjir geti hafa verið að verki. Í gögnunum úr EncroChat áttu fjórir notendur samskipti um skipulagningu innflutnings fíkniefnanna í saltdreifaranum. Það voru notendurnir Nuclearfork og Residentkiller sem töluðu íslensku og notendurnir Neptun og Beigepanda sem töluðu hebresku og ensku. Nuclearfork átti samskipti við Neptun á ensku og flutti skilaboð frá honum til Residentkiller.

Eins og fram kom fyrir dóminum beindist grunur upphaflega að ákærða Guðlaugi Agnari þegar lögregla sá heitið Blondie notað um notandann Nuclearfork í tengiliðaskrá Neptun, en lögregla taldi sig hafa upplýsingar um að það væri meðal gælunafna ákærða Guðlaugs Agnars. Tvö símanúmer eru tengd við það heiti hjá Neptun. Annars vegar er símanúmer með hollenskt landsnúmer. Það símanúmer hafði tengst einu íslensku númeri og er það númer, samkvæmt skráum lögreglu, hjá manni sem vitað er að ákærði tengist. Hitt númerið hefur taílenskt landsnúmer en ákærði hefur dvalið bæði í Hollandi og á Taílandi. Þá má sjá í síma ákærða samskipti þar sem hann kallar sig „þann ljóshærða“.

Fjölmargar aðrar vísbendingar er að finna í gögnum málsins sem benda til þess um hvern er að ræða. Notandinn Nuclearfork er með skráða ýmsa tengiliði. Þeirra á meðal eru nokkrir sem jafnframt eru skráðir í persónulegum síma ákærða Guðlaugs Agnars. Þar á meðal er að finna símanúmer bróður ákærða, sem staðfest hefur verið að hann noti, en dæmi eru um að aðrir hafi skráð það númer með nafni hans og „[...] Ljósa“. Þá fannst mynd af kreditkortu hans hjá sakborningi í öðru máli, en sama mynd fannst í hans eigin síma. Viðkomandi vísar í bókhaldi sínu til þess að hafa greitt Ljósa og á sama tíma eru samsvarandi fjármunir lagðir inn á reikning ákærða. Meðal tengiliða Nuclearfork eru líka feðgar sem ákærði hefur gengist við að þekkja.

Gögn lögreglu benda jafnframt til þess að ákærði Guðlaugur Agnar gangi undir heitinu Deepsea eða öðrum útfærslum af því, svo sem DeepOcean eða DeepCargo. Framangreindur sakborningur úr öðru máli átti samskipti við DeepCargo í símanúmerinu sem Neptun hafði skráð sem Blondie og annar sakborningur úr öðru máli var í samskiptum við DeepOcean í hinu símanúmerinu sem Neptun hafði skráð.

Þá er óhjákvæmilegt að líta til þess að lykilorð Nuclearfork í EncroChat og í minnispunktum hans, samkvæmt gögnum sem bárust lögreglu, Abbydead og Abbydead1991, er sama lykilorð og gengur að fartölvu ákærða Guðlaugs Agnars sem lögregla lagði hald á, þ.e. AbbyDead. Í tölvunni voru tveir aðgangar, annars vegar fyrir notandann Louie Vega sem hafði þetta aðgangsorð og hins vegar Agnar Mega sem hafði lykilorðið Kotturinn1. Það lykilorð var einnig að finna í minnispunktum Nuclearfork þar sem skráð var wickr: Kotturinn1. Ákærði lýsti því fyrir dómnum að annar maður hefði keypt tölvuna fyrir hann í Hollandi og sett hana upp áður en hann hefði afhent hana, til að forðast óþægindi í tolli. Sá maður hefur ekki komið fyrir dómnum og engar frekari skýringar hafa fengist á þessum lykilorðum.

Eins og fram kom hjá ákærða Guðlaugi Agnari fyrir dómi æfir hann bardagaíþróttina brasilískt jiu jitsu, keppir í henni og kennir. Í samtölum Nuclearfork kemur ítrekað fram að hann æfi þessa sömu íþrótt. Í samtali hans í lok mars 2020, meðan á heimsfaraldri Covid stóð, kemur fram hjá honum að hann hafi æft allan daginn og hafi breytt húsinu sínu í bardagahöll. Í síma ákærða fundust myndir teknar sama dag af honum ásamt fleirum að æfa íþróttina á heimili hans þar sem hann hafði komið sér upp æfingaaðstöðu. Þá var þar að finna samtal við mann, dagsett næsta dag, sem þakkaði honum fyrir að hafa opnað heimili sitt fyrir æfingar. Þótt ljóst sé að ákærði sé ekki einn um að æfa brasilískt jiu jitsu verður að telja ólíklegt að þarna sé um tilviljun að ræða.

Í samtölum Nuclearfork við Residentkiller í apríl 2020 kemur fram að hann sé staðsettur í Taílandi en vonist til þess að geta ferðast til Evrópu í júlí. Samkvæmt gögnum málsins ferðaðist ákærði Guðlaugur frá Taílandi til Evrópu á þeim tíma og hefur ákærði staðfest það fyrir dómi.

Við handtöku ákærða Guðlaugs Agnars hafði hann nokkra síma í fórum sínum en hann neitaði að gefa upp lykilorð þeirra. Lögregla hefur engu að síður komist inn í suma símana. Í ágúst sl. komst lögregla inn í síma ákærða þar sem samskiptaforritið Signal var að finna. Notaði ákærði þar notandanafnið Chopper. Þar var að finna nokkra tengiliði sem einnig var að finna hjá Nuclearfork í EncroChat. Þá var þar að finna myndir af samskiptum sem einnig var að finna í síma ákærða Halldórs Margeirs. Hann er jafnframt með tengiliðinn Doom gamla skráðan við símanúmer sem ákærði Halldór Margeir hefur gengist við að hafa notað. Samtalið lýtur að innflutningi á einhvers konar landbúnaðartækjum. Þá má sjá í símanum að leitað hefur verið að slíkum tækjum, m.a. að saltdreifara sömu gerðar og um ræðir í málinu.

Þegar öll framangreind atriði eru virt heildstætt, sem og öll gögn málsins, verður talið hafið yfir skynsamlegan vafa, gegn neitun ákærða Guðlaugs Agnars, að hann sé sá aðili sem kallaði sig Nuclearfork á samskiptaforritinu EncroChat og stóð að framan- greindum innflutningi eins og lýst er í ákæru.

Ákærði hefur m.a. byggt á því að íslenskir dómstólar hafi ekki lögsögu yfir háttsemi hans þar sem hann hafi verið í Taílandi meðan atvik málsins hafi átt sér stað. Þar sem afleiðingar brotsins komu fram á Íslandi verður að líta svo á að verkið sé unnið hér á landi, sbr. 4. og 7. gr. almennra hegningarlaga. Nær íslensk refsilögsaga því yfir háttsemi ákærða. Verður hann því sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í ákæru.

Grunur beindist upphaflega að ákærða Halldóri Margeiri vegna ábendingar til lögreglu um að hann stæði að framleiðslu á miklu magni af fíkniefnum utan höfuðborgarsvæðisins. Lögregla fékk heimild til öflunar á símagögnum ákærða Halldórs Margeirs. Við greiningu á þeim gögnum kom í ljós tenging við sveitabæinn [...]. Í kjölfarið fór lögregla að bænum og fann þar saltdreifarann.

Við samanburð á staðsetningum notandans Residentkiller í EncroChat og síma ákærða Halldórs Margeirs kom í ljós að af 324 staðsetningarpunktum fyrir EncroChat-síma Residentkiller voru 200 punktar í miðborg Reykjavíkur og flestir þeirra á sendi við Lindargötu sem þjónustar m.a. heimili ákærða. Þann 11. apríl var Residentkiller staðsettur á [...]. Þann sama dag tengdist sími ákærða einnig við senda þar.

Notandinn Residentkiller á EncroChat var með lykilorðið 221122hmo. Aðgangsorð ákærða Halldórs Margeirs í símana hans er 2211. Þá gætu stafirnir hmo verið skammstöfun á nafni hans. Þrátt fyrir að hann hafi lengi notað sama aðgangsorð í símana sína og aðrir fjölskyldumeðlimir noti það einnig verður að telja þetta vísbendingu þess að um sama notanda geti verið að ræða.

Í samskiptum Residentkiller og Nuclearfork á EncroChat kom fram listi yfir vörur sem kaupa þurfti til að ná fíkniefnunum úr saltdreifaranum, þar á meðal stálskurðarskífu, spýtu, málningarfötur og prik. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að ákærði keypti sambærilegar vörur í [...] sama dag og samtalið átti sér stað og fundust sambærilegir hlutir að [...]. Ákærði keypti vörurnar í gegnum félagið[...] en greiddi fyrir þær með reiðufé. Um svipað leyti var félagið að standsetja skemmtistað og ákærði keypti ýmsar svipaðar vörur vegna þess í gegnum fyrirtækið. Þá liggur fyrir að fjórir drullutjakkar voru keyptir í versluninni [...], eftir samskipti framangreindra aðila á EncroChat um þörf á slíku, sem virðast hafa verið notaðir til þess að lyfta saltdreifaranum við losun á fíkniefnunum. Voru drullutjakkarnir keyptir fyrir reiðufé en ekki hefur tekist að staðfesta hver kaupandinn var.

Í samskiptum Nuclearfork og Residentkiller minnst sá fyrrnefndi á „staðinn“ og spyr hvenær sá síðarnefndi sjái fyrir sér að opna. Á sama tíma var ákærði Halldór Margeir að fara að opna veitingastað.

Þann 15. apríl 2020 sendi Nuclearfork skilaboð til Neptun um að sinn maður væri á leiðinni að bóndabænum til að taka ljósmyndir. Þann sama dag sendi Residentkiller ljósmyndir af saltdreifaranum til Nuclearfork í gegnum EncroChat. Símagögn ákærða

Halldórs Margeirs staðfesta að hann fór austur fyrir fjall þennan dag en síminn hans tengdist inn á sendi sem þjónustar m.a. [...].

Rannsókn á síma ákærða Halldórs Margeirs leiddi í ljós að hann er með samskiptaforritið Wickr í einum af sínum sínum. Inni á því forriti er hann m.a. með nokkra tengiliði sem koma við sögu í EncroChat-gögnunum. Til dæmis er hann þar með tengiliðinn Mofugl sem Nuclearfork ætlaði Residentkiller að hitta. Þá er hann með tengiliðinn Pitcairn sem er heiti þess aðila sem tók ljósmyndir af saltdreifaranum í skemmuni þegar verið var að fjarlægja fíkniefnin, sem voru sendar áfram til Nuclearfork. Þá er ákærði einnig með íslenskt símanúmer ákærða Guðlaugs Agnars vistað í tengiliðaskrá símans undir nafninu Laugi. Jafnframt liggur fyrir að samskipti fundust í síma hans sem ákærði Guðlaugur Agnar hafði ljósmyndir af í sínum síma og er umfjöllunarefnið landbúnaðartæki með ákveðna eiginleika.

Ákærði neitaði því fyrir dómi að vera kallaður Doom. Engu að síður liggur fyrir skráning á símanúmeri hans hjá nokkrum aðilum undir heitinu Doom eða Doom Gamli. Í minnispunktum Nuclearfork, sem virðast varða peningagreiðslur, kemur nafnið Doom ítrekað fram.

Ákærði Halldór Margeir hefur alfarið neitað sök í þessum ákærulið og kannast ekki við sakarefnið. Ákærði Guðjón hefur hins vegar greint frá því að ákærði Halldór Margeir hafi beðið sig um að taka við saltdreifaranum gegn greiðslu. Ákærði Halldór Margeir hefði í upphafi neitað því að fíkniefni væri að finna í saltdreifaranum en þegar til hafi komið hafi hann sagt að það væri sýnishorn í honum. Ákærðu Guðjón og Halldór Margeir eru kunningjar til margra ára og voru í miklum samskiptum á þessum tíma. Framburður ákærða Guðjóns er í samræmi við það sem fram kemur í gögnum úr EncroChat þrátt fyrir að hann hafi ekki verið notandi að því kerfi. Þá hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að framburður ákærða Guðjóns um þátt meðákærða Halldórs Margeirs sé rangur. Með vísan til allra þeirra fjölmörgu atriða sem rakin hafa verið hér að framan og tengja ákærða við málið, framburðar ákærða Guðjóns og gagna málsins að öðru leyti er sannað að ákærði Halldór Margeir sé sá aðili sem kallaði sig Residentkiller á samskiptaforritinu EncroChat og stóð að framangreindum innflutningi eins og lýst er í ákæru og verður hann því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákæru.

Ákærði Guðjón hefur gengist við því að hafa geymt saltdreifarann á heimili sínu og hafa aðstoðað við að fjarlægja fíkniefni úr honum en neitar engu að síður sök. Hann kveðst ekki hafa vitað af efnunum í tækinu fyrr en það hafi verið komið á staðinn. Þá hafi hann óttast hvað gæti gerst ef hann hlýddi ekki, en honum hafi verið sagt að menn sem hlýddu ekki gætu verið „plammaðir niður“.

Eins og fram hefur komið fannst saltdreifarinn á [...] þar sem ákærði Guðjón býr. Hann hefur greint ítarlega frá sínum hlut í atburðarásinni fyrir dómi þótt hann virðist hafa dregið aðeins úr honum frá því sem var í síðustu skýrslu hjá lögreglu. Framburður hans

er í stærstum atriðum í samræmi við gögn málsins og er ekki ástæða til að draga hann í efa. Samkvæmt því liggur fyrir að hann sá um að varsla saltdreifarann á landareign sinni og aðstoðaði við losun fíkniefnanna. Ekkert liggur hins vegar fyrir um að hann hafi staðið að skipulagningu innflutningsins eða fjármögnun. Þá fékk hann greitt fyrir sinn þátt í atburðarásinni en átti ekki hlut í fíkniefnunum. Þótt ákærði hafi e.t.v. óttast hverjar afleiðingarnar yrðu tæki hann ekki þátt í brotinu gerir það háttsemi hans ekki refsilausa, enda hefði hann getað gripið til annarra ráðstafana. Verður hann því sakfelldur fyrir að hafa mótttekið tækið með fíkniefnum, varslað og hafa í samvinnu við annan mann fjarlæggt fíkniefnin úr tækinu eins og lýst er í ákæru.

Framangreind brot ákærðu varða við 173. gr. a í almennum hegningarlögum. Þá eru brotin í ákæru jafnframt talin varða við 175. gr. a í lögnum. Samkvæmt því ákvæði skal sá sæta fangelsi allt að 4 árum, nema brot hans varði þyngri refsingu samkvæmt öðrum ákvæðum, er sammælist við annan mann um að fremja verknað sem varðar a.m.k. 4 ára fangelsi og framkvæmd hans er liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins er með skipulögðum brotasamtökum átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningsskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar a.m.k. 4 ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað.

Ljóst er að framangreint brot ákærðu var skipulagt og framið af nokkrum mönnum í félagi. Auk þeirra þriggja sem hér hafa verið sakfelldir komu fleiri að brotinu, a.m.k. einn íslenskur og tveir erlendir aðilar. Ákærðu voru allir meðvitaðir um þátt annarra í brotinu eins og gögn málsins og framburður ákærða Guðjóns bera með sér. Var m.a. ljóst að fyrirmæli komu annars staðar að um hvernig fjarlægja ætti efnin úr saltdreifarunum og að til hafi staðið að erlendir aðilar kæmu til að fjarlægja efnin úr tækinu. Af gögnum málsins er ljóst að um afar skipulagt verkefni var að ræða sem framið var í ávinningsskyni en ljóst er að ávinningur af brotinu gat orðið gríðarlegur. Markmið framangreinds félagsskapar var að flytja inn mikið magn fíkniefna og koma í dreifingu, en það brot getur varðað allt að 12 ára fangelsi. Samkvæmt þessu eru uppfyllt skilyrði 175. gr. a í almennum hegningarlögum og verða ákærðu því jafnframt sakfelldir fyrir brot gegn því ákvæði.

Ákæruliður I.2

Í þessum lið ákærunnar er ákærðu Guðjóni, Halldóri Margeiri, Geir Elí og Ólafi Ágústi gefið að sök stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa um nokkurt skeið staðið saman að kannabisræktun í [...] eins og nánar er þar lýst. Allir ákærðu í þessum ákærulið hafa játað sök. Þrír ákærðu hafa þó hafnað því að svo mikið magn fíkniefna hafi tilheyrt

kannabisræktuninni sem fannst á staðnum, auk þess sem þeir telja ákvæði 175. gr. a í almennum hegningarlögum ekki eiga við um brotið.

Ákærðu hafa allir lýst því fyrir dóminum hver hlutur hvers og eins þeirra var í kannabisræktuninni og hvernig þátttaka þeirra kom til. Við húsleit lögreglu þar sem lagt var hald á ræktunina voru haldlögð 6.110 g af kannabisplöntum, 16.265 g af marjúana og 131 kannabisplanta. Ákærði Ólafur Ágúst hefur kannast við að þessi efni hafi tilheyrt ræktuninni en aðrir ákærðu telja að ekki öll 16.265 g af marjúana hafi komið úr henni. Efnin fundust í málningarfötum á tveimur mismunandi stöðum. Annars vegar voru það 13 fötur sem voru í þurrkrými og hins vegar tvær fötur sem voru í hestastíu og byggja ákærðu á því að föturnar tvær hafi ekki tilheyrt þessari ræktun, eða verið ónýtt efni. Samkvæmt framburði sérfræðinga sem rannsökuðu efnin í fötunum var enginn sjáanlegur munur á þessum efnum. Enginn ákærðu hefur gefið neinar haldbærar skýringar á því hvaðan þessi efni geti hafa komið. Fram kom hjá ákærðu að fleiri en ein uppskera hafi komið út úr ræktuninni og var hluta afrakstursins að finna í vörslum ákærða Ólafs Ágústs auk þess sem ákærði Halldór Margeir kvaðst hafa fengið efni í sinn hlut. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að föturnar tvær hafi í raun ekki tilheyrt þessari ræktun og verður því við það miðað að svo hafi verið.

Hér að framan var rakið hver eru skilyrði þess að háttsemi falli undir 175. gr. a í almennum hegningarlögum. Ákærðu unnu fjórir saman að kannabisræktuninni og höfðu allir sitt hlutverk. Þeir sammæltust um starfsemina og voru að fullu meðvitaðir um þátt hvers annars. Starfsemin var skipulögð og unnið að því að bæta hana og jafnvel rætt um stækkun. Þá stóð þetta yfir í langan tíma og nokkrar uppskerur urðu. Þótt ákærðu hafi borið að allt að því vonlaust hafi verið að koma efninu í sölu liggur fyrir að það var ætlun þeirra og var háttsemin því í ávinningsskyni. Fram kom hjá sérfræðingi sem rannsakaði efnið að styrkur þess hafi verið svipaður meðaltali styrks annarra plantna sem hafi komið inn til rannsóknastofunnar undanfarið. Í samræmi við framangreint verða ákærðu sakfelldir samkvæmt þessum ákærulið og eru brot þeirra rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður II.1

Í þessum ákærulið er ákærða Ólafi Ágústi gefið að sök stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa haft í vörslum sínum í bílskúr, sem hann hafði á leigu, í sölu- og dreifingarskyni umtalsvert magn af fíkniefnum. Ákærði hefur gengist við því að hafa haft bílskúrinn á leigu og borið ábyrgð á því sem þar var að finna. Hann kvaðst þó ekki eiga fíkniefnin heldur hefði hann leyft öðrum manni að geyma hluti þar inni og sá maður hefði sett þessi efni þarna inn. Hann kvaðst hafa fengið vel greitt fyrir þetta og því grunað að um eitthvað ólöglegt væri að ræða. Maðurinn hefði sett kassa og poka inn í bílskúrinn. Hann hefði séð þetta og e.t.v. fært til einhverja poka en aldrei litið inn í þetta. Ákærði

hefur engar upplýsingar veitt um það hver þessi maður geti verið. Við skýrslutöku hjá lögreglu svaraði ákærði „ég veit“ þegar honum var sagt að mikið magn fíkniefna hefði fundist í bílskúrnum. Þá sagði hann aðspurður að efnin væru ecstasy, MDMA o.fl. sem hefði verið geymt í pokum og kassa. Fyrir dóminum skýrði hann þetta með því að hann hefði einungis giskað á þetta þegar lögregla hefði sagt honum að mikið magn fíkniefna hefði fundist á staðnum. Þykir sú skýring með ólíkindum. Framburður ákærða um að annar maður hafi átt fíkniefnin er einnig ótrúverðugur enda hefur ekkert komið fram í málinu sem leiðir líkur að því. Verður ákærði því sakfelldur fyrir vörslur fíkniefnanna og með vísan til magnsins sem um ræðir verður að líta svo á að það hafi verið í sölu- og dreifingarskyni. Er brotið því rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður II.2

Ákærði Ólafur Ágúst hefur skýlaust játað brot sitt samkvæmt þessum ákærulið. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður II.3

Ákærði Ólafur Ágúst hefur skýlaust játað brot sitt samkvæmt þessum ákærulið. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður II.4

Í þessum ákærulið er ákærða Ólafi Ágústi gefið að sök stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa í hesthúsi sínu haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni umtalsvert magn af fíkniefnum. Ákærði hefur játað að hafa haft þessi efni í sínum vörslum en kveður sum efnin ekki hafa verið þar í sölu- og dreifingarskyni. Hassið hafi verið gamalt og tilheyrt fyrri eiganda. Hann hafi vitað af því en ekki ætlað að selja það enda væri það of gamalt fyrir neyslu. Þá væru litlu skammtarnir af fíkniefnum einungis ætlaðir til eigin neyslu. Hann hefði ætlað að selja amfetamínið og marjúánað, en það síðarnefnda hefði komið úr ræktuninni í [...] og ekki verið nothæft til sölu. Þá kveðst hann hafa ætlað að gefa kannabisblandaða vökvann manneskju með krabbamein. Fallist verður á með ákærða að meta það svo að vörslur hans á 2,28 g af kókaíni, 2,06 g af metamfetamíni, 13 stykkjum af LSD og 4 stykkjum af MDMA hafi ekki verið í sölu- og dreifingarskyni enda magnið ekki slíkt að óhjákvæmilegt sé að telja það hafa verið í því skyni. Ákærði hefur hins vegar játað að hafa ætlað að dreifa kannabisblandaða vökvanum og skiptir þá ekki máli þótt góður hugur hafi verið að baki því. Þá vissi hann af hassinu í húsnæðinu og telst því hafa haft það í sínum vörslum. Var magnið af hassi sem fannst hjá ákærða umtalsvert og verður í því ljósi að telja að það hafi verið ætlað til sölu eða dreifingar þrátt

fyrir að um lélegt efni hafi verið að ræða. Við ákvörðun refsingar er hins vegar unnt að taka tillit til þess. Þá verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa haft amfetamínið, amfetamínvökvann og marjúanað í þessum ákærulið í vörslu- og dreifingarskyni eins og greinir í ákæru en í ákærulið I.2 var fjallað nánar um marjúanað, styrkleika þess og gæði.

Ákæruliður III

Ákærði Halldór Margeir hefur skýlaust játað brot sitt samkvæmt þessum ákærulið. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Refsing, upptökukröfur og sakarkostnaður

Við ákvörðun refsingar ákærðu verður litið til þess að í ákærulið I.1 var um að ræða skipulagða starfsemi um að flytja inn og framleiða gríðarlega mikið magn af sterkum fíkniefnum sem fóru í dreifingu hér á landi. Brotin voru liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka og framin í félagi nokkurra aðila. Brot ákærðu voru skipulögð í þaula og ásetningur ákærðu einbeittur að því er varðar ákærðu Guðlaug Agnar og Halldór Margeir. Í ákærulið I.2 var jafnframt um að ræða talsvert magn fíkniefna sem ræktuð voru og skipulagt samstarf við verkið. Var ræktunin nokkuð umfangsmikil og efnin úr henni í meðallagi sterk.

Ákærði Guðlaugur Agnar er fæddur [...]. Samkvæmt sakavottorði hans, dags. 12. ágúst 2022, hefur hann frá árinu 2004 hlotið fimm dóma, fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni, en nú síðast hlaut hann tveggja ára fangelsisdóm í desember 2010. Við ákvörðun refsingar hans verður litið til einbeitts ásetnings hans og alvarleika brotsins. Með hliðsjón af framangreindu og því mikla magni sem um ræðir þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 ár. Gæsluvarðhald sem hann sætti frá 20. maí til 5. júlí 2022 dregst frá refsingu.

Ákærði Guðjón er fæddur [...]. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Hann hefur verið sakfelldur fyrir brot í ákæruliðum I.1 og I.2. Við ákvörðun refsingar hans verður litið til alvarleika brota hans og mikils magns fíkniefna sem fór í dreifingu og þess sem ætlað var að dreifa. Þá verður litið til þess að hann kom ekki að skipulagningu eða fjármögnun brotsins í ákærulið I.1 og þess að hann hefur greiðlega greint frá atvikum. Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 ár. Gæsluvarðhald sem hann sætti 20.–26. maí 2022 dregst frá refsingu.

Ákærði Halldór Margeir er fæddur [...]. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Hann hefur verið sakfelldur fyrir brot í ákæruliðum I.1, I.2 og III. Við ákvörðun refsingar hans verður litið til einbeitts ásetnings hans, alvarleika brotanna og þess mikla magns af fíkniefnum sem fór í dreifingu og þess sem til stóð að dreifa. Með

hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 20. maí 2022 dregst frá refsingu.

Ákærði Ólafur Ágúst er fæddur [...]. Samkvæmt sakavottorði hans, dags. 12. ágúst 2008, hlaut hann í júní 2000 níu ára fangelsi fyrir brot gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum. Þá var hann dæmdur í fangelsi í níu ár og sex mánuði í október 2007 fyrir brot gegn sama ákvæði, auk laga um ávana- og fíkniefni og tollalaga og var þá jafnframt dæmt upp rof á reynslulausn. Hann hefur verið sakfelldur fyrir brot í ákæruliðum I.2, II.1, II.2, II.3 og II.4. Við ákvörðun refsingar hans verður litið til einbeitts ásetnings og skipulagningar hvað varðar ákærulið I.2. Um var að ræða afar mikið magn og mikið af sterkum efnum, en litið verður til mismunandi styrkleika þeirra efna sem um ræðir. Þá verður litið til þess að ákærði hefur játað brot sín að hluta. Með hliðsjón af öllu framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 20. maí 2022 dregst frá refsingu.

Ákærði Geir Elí er fæddur [...]. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Hann hefur verið sakfelldur fyrir brot í ákærulið I.2. Við ákvörðun refsingar hans verður litið til þess að hann kom ekki að ræktuninni í upphafi eða skipulagningu hennar. Hins vegar sýndi hann einbeittan ásetning og tók þátt í skipulagðri brotastarfsemi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Gæsluvarðhald sem hann sætti 20.–25. maí 2022 dregst frá refsingu.

Í ákæru er krafist upptöku á fíkniefnum og ýmsum búnaði, en undir aðalmeðferð málsins féll ákæruvaldið frá nokkrum upptökukröfum. Ákærði Ólafur Ágúst hefur sérstaklega andmælt upptökukröfu á D. Þá var gefin út framhaldsákæra í málinu á hendur Úranusi ehf., sem telur sig réttan eiganda bifreiðarinnar, og þess krafist til vara að félaginu verði gert að sæta upptöku á bifreiðinni. Krafan um upptöku byggist á 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. ákvæðisins má gera hluti upptæka með dómi sem hafa verið notaðir, ætlaðir eru til notkunar eða hætta þykir á að verði notaðir við framningu brots og samkvæmt 3. tl. má gera hluti upptæka með dómi sem með öðrum hætti tengjast framningu brots. Sýnt hefur verið fram á það í málinu að bifreiðin var notuð við framningu brota í ákærulið I.2. Samkvæmt því eru uppfyllt skilyrði framangreinds ákvæðis og verður fallist á kröfu ákæruvaldsins um upptöku bifreiðarinnar. Er þá óþarft að skera úr um hver var raunverulegur eigandi hennar, en kröfunni er í samræmi við 1. mgr. 69. gr. f í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 auk ákærða einnig beint að skráðum eiganda bifreiðarinnar.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru eru gerð upptæk saltdreifari af gerðinni EPOKE, 12,13 g af kókaíni, 1 ml af amfetamínvökva, 6.110 g af kannabisplöntum, 19.363,5 g af marijúana, 131 kannabisplanta, 120 ml af kannabisvökva, 7,44 g af kókaíni, 462,23 g af amfetamíni, 26.298,81 g af hassi, 2,06 g af metamphetamine, 260 ml af amfetamíni, 13 stykki af LSD, 4 stykki af MDMA, tveir brúsar, 21 þurrkgrind, tveir

súrefniskútar, fimm vatnsdælur, 19 viftur, sjö kolasiur, 35 gróðurhúsalampar, 10 rakatæki, fjórir hitablásarar, 39 straumbreytar, þrjár fötur, þrjár vogir, plastpoki, verkfærakista, blandari, tvær límbandsrúllur, 224,1 g af amfetamíni, 1.792,65 g af kókaíni, 6.731,37 g af MDMA, 1.835,38 g af metamfetamíni, 41.750 ml af amfetamínvökva, 20.850 ml af MDMA-vökva, 7.101 stykki af MDMA-töflum, 100 ml af kannabisblönduðum vökva, ferðataska, plastkassi, tvö pör af hönskum, fimm krukkur, lás og tveir lykklar, pokar, fata, tvær mælikönnur, 14 brúsar og tunna sem hald var lagt á við rannsókn málsins. Þá er jafnframt með vísan til lagaákvæða í ákæru gerð upptæk fimm Samsung-farsímar, Apple iPhone farsími og Apple iPad, í eigu ákærða Halldórs Margeirs, fjögur símkort, tveir Apple iPhone farsímar, tveir Samsung-farsímar, Apple-fartölva og Rolex-armbandsúr, í eigu ákærða Guðlaugs Agnars, iPhone 13 Pro Max, Apple iPhone, Seagate harður diskur, Acer-spjaldtölva, fimm Apple-fartölvur, tveir USB-minnislyklar, tvær spjaldtölvur, Nokia spjaldtölva, Samsung-farsími og Samsung-spjaldtölva í eigu ákærða Ólafs Ágústs, og fimm Samsung-farsímar og Samsung-spjaldtölva í eigu ákærða Geirs Elís, sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði Guðlaugur Agnar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar G. Guðjónssonar lögmanns, 7.746.156 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá greiði ákærði 217.439 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði Guðjón greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Ragnarssonar lögmanns, 10.385.775 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og 20.828 krónur í aksturskostnað. Þá greiði ákærði 279.859 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði Halldór Margeir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns, 10.881.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá greiði ákærði 279.859 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði Ólafur Ágúst greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar lögmanns, 8.495.550 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og 103.737 krónur í útlagðan kostnað. Ekki verður greiddur kostnaður vegna prentunar málgagna, en verjendur geta fengið gögn útprentuð hjá ákæruvaldinu óski þeir eftir að fá þau á því formi. Þá greiði ákærði 3.066.270 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði Geir Elí greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 4.882.500 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá greiði ákærði 59.419 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði Úranus ehf. greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Steins Ólafssonar lögmanns, 1.785.600 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Anna Barbara Andradóttir aðstoðar-saksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Frávísunarkröfu ákærða Halldórs Margeirs Ólafssonar, vegna ákæruliðar I.1, er hafnað.

Ákærði, Guðlaugur Agnar Guðmundsson, sæti fangelsi í 10 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 20. maí til 5. júlí 2022 dregst frá refsingu.

Ákærði, Guðjón Sigurðsson, sæti fangelsi í 10 ár. Gæsluvarðhald ákærða 20.-26. maí 2022 dregst frá refsingu.

Ákærði, Halldór Margeir Ólafsson, sæti fangelsi í 12 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 20. maí 2022 dregst frá refsingu.

Ákærði, Ólafur Ágúst Hraundal, sæti fangelsi í 12 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 20. maí 2022 dregst frá refsingu.

Ákærði, Geir Elí Bjarnason, sæti fangelsi í tvö ár. Gæsluvarðhald ákærða 20.-25. maí 2022 dregst frá refsingu.

Ákærðu sæti upptöku á saltdreifara af gerðinni EPOKE, 12,13 g af kókaíni, 1 ml af amfetamínvökva, 6.110 g af kannabisplöntum, 19.363,5 g af marjúana, 131 kannabisplöntu, 120 ml af kannabisvökva, 7,44 g af kókaíni, 462,23 g af amfetamíni, 26.298,81 g af hassi, 2,06 g af metamfetamíni, 260 ml af amfetamíni, 13 stykkjum af LSD, 4 stykkjum af MDMA, tveimur brúsum, 21 þurrkgrind, tveimur súrefniskútum, fimm vatnsdælum, 19 viftum, sjö kolasíum, 35 gróðurhúsalömpum, 10 rakatækjum, fjórum hitablásurum, 39 straumbreytum, þremur fötum, þremur vogum, plastpoka, verkfærakistu, blandara, tveimur límbandsrúllum, 224,1 g af amfetamíni, 1.792,65 g af kókaíni, 6.731,37 g af MDMA, 1.835,38 g af metamfetamíni, 41.750 ml af amfetamínvökva, 20.850 ml af MDMA-vökva, 7.101 stykki af MDMA-töflum, 100 ml af kannabisblönduðum vökva, ferðatösku, plastkassa, tveimur pörum af hönskum, fimm krukum, lás og tveimur lykklum, pokum, fötu, tveimur mælikönnum, 14 brúsum, tunnu, fimm Samsung-farsímum, Apple iPhone farsíma, Apple iPad, fjórum símkortum, tveimur Apple iPhone farsímum, tveimur Samsung-farsímum, Apple-fartölvu, Rolex-armbandsúri, iPhone 13 Pro Max, Apple iPhone, Seagate hörðum disk, Acer-spjaldtölvu, fimm Apple-fartölvum, tveimur USB-minnislyklum, tveimur spjaldtölvum, Nokia-spjaldtölvu, Samsung-farsíma, Samsung-spjaldtölvu, fimm Samsung-farsímum, Samsung-spjaldtölvu og bifreiðinni D.

Ákærði, Guðlaugur Agnar, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar G. Guðjónssonar lögmanns, 7.746.156 krónur, og 217.439 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði, Guðjón, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Ragnars-sonar lögmanns, 10.385.775 krónur og 20.828 krónur í aksturskostnað, og 279.859 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði, Halldór Margeir, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns, 10.881.000 krónur, og 279.859 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði, Ólafur Ágúst, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar lögmanns, 8.495.550 krónur og 103.737 krónur í útlagðan kostnað, og 3.066.270 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði, Geir Elí, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 4.882.500 krónur, og 59.419 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði, Úranus ehf., greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Steins Ólafssonar lögmanns, 1.785.600 krónur.

Barbara Björnsdóttir